EFLA

Sustainability Report
2024

Ársskýrsla EFLU



2024

Ársskýrsla 2024

Sjálfbærni- og ársskýrsla hefur verið gefin út frá árinu 2015 og í þeim má finna upplýsingar um árangur og framgang fyrirtækisins. Þar er meðal annars sagt frá mælanlegum umhverfismarkmiðum EFLU, verkefnum tengdum samfélagslegri ábyrgð, samfélagsuppgjör og birtar lykiltölur umhverfisþátta.



EFLA heldur í grunngildin

Í ársbyrjun 2022 grunaði fáa að hernaðarinnrás yrði gerð í Evrópuríki í febrúar það ár. Í ársbyrjun 2025 grunaði sömuleiðis fáa að nýkjörin stjórnvöld í Bandaríkjunum myndu á nokkrum vikum umbylta samstarfi sínu við önnur ríki, samstarfi sem meðal annars hefur tryggt frið að mestu í hinum vestræna heimi síðastliðin áttatíu ár. Það er því óhætt að fullyrða að síðustu þrjú ár hafi fært okkur heim sanninn um að allt sé í heiminum hverfult.

Þegar miklar breytingar verða á skömmum tíma og rótgróin kerfi hökta eða ná jafnvel ekki að aðlagast nýjum aðstæðum, veldur það óvissu og jafnvel ótta. Óvissu um hvað taki við og ótta við að þegar rykið setjist verði staðan verri en hún var fyrir breytingar. Þegar slík staða er uppi er gott að horfa til þeirra grunngilda sem við viljum að samfélag okkar byggi á og styrkja tengslin við önnur samfélög sem deila sömu eða svipuðum gildum.

Fyrirtæki er í eðli sínu samfélag. Haghafar þess; eigendur, starfsmenn og samfélagið sem fyrirtæki starfa í, hafa sameiginlega hagsmuni af því að reksturinn gangi vel og skili ábata af starfseminni fyrir alla aðila. Til þess að undirbyggja sameiginlegan skilning á þessum hagsmunum skilgreina fyrirtæki oft gildi sín, sem eiga að lýsa því í hnotskurn hvernig þau ætla að uppfylla væntingar haghafanna. Hjá EFLU hefur verið starfað eftir þremur grunngildum um árabil. Þau eru hugrekki, samvinna og traust. Þessi gildi eru ekki bara orð sem eru notuð í kynningum og á tyllidögum. Þessi gildi eru grunnstefið í því hvernig við vinnum þau verkefni sem okkur eru falin. Það krefst hugrekkis að þora að hugsa út fyrir boxið og finna nýjar leiðir til að leysa flókin vandamál. Það krefst samvinnu starfsfólks og viðskiptavina að vinna verkefni til farsællar niðurstöðu. Síðast, en ekki síst, þurfa öll viðskipti að byggja á trausti til þess að allir sem hlut eiga að máli séu betur settir eftir að viðskiptum lýkur en áður en til þeirra var stofnað. Með þessi gildi að leiðarljósi hefur EFLU-samstæðan vaxið og dafnað og verið leiðandi við að finna lausnir á flóknum verkefnum sem henni hefur verið treyst til að leysa.

Árið 2024 var afar hagfellt fyrir EFLU. Vöxtur var í öllum helstu þáttum starfseminnar, rétt eins og undanfarin ár, og afkoman var mjög góð. Samstæða EFLU samanstendur nú af sjö fyrirtækjum í jafn mörgum löndum, auk þess sem verkefni eru unnin á enn fleiri markaðssvæðum. Við stofnuðum EFLU ApS í Danmörku á árinu og ætlum okkur að byggja þar upp öflugt fyrirtæki, rétt eins og önnur dótturfélög samstæðunnar.

EFLA er þekkingarfyrirtæki. Starfsemin snýst alfarið um að nýta sérfræðiþekkingu þess starfsfólks sem vinnur hjá fyrirtækinu. Mannauðurinn er því mikilvægasti hlekkurinn í rekstri EFLU. Við höfum sett okkur krefjandi markmið að verða meðal eftirsóttustu vinnustaða í okkar geira, á öllum þeim markaðssvæðum sem við störfum á. Allar mælingar sýna að EFLA er vel stödd á þessari vegferð og að leiðin liggur upp á við. Við hjá EFLU horfum því spennt til ársins 2025, tilbúin að takast áfram á við krefjandi verkefni og að aðlaga okkur að síbreytilegum aðstæðum. Hugrekki, samvinna og traust verða áfram grunngildin í öllu okkar starfi.

Sæmundur Sæmundsson
framkvæmdastjóri EFLU

Stefna og framkvæmd



„Árið 2024 var fyrsta árið í rekstri EFLU þar sem unnið var eftir þessari nýju stefnu og er hún þegar farin að setja verulegt mark á áherslur og þjónustuframboð.”

Það er hverju fyrirtæki mikilvægt að hafa skýra stefnu og framtíðarsýn. Þetta hefur EFLA ávallt lagt áherslu á, sem og að yfirfara og endurnýja stefnu sína eftir því sem fyrirtæki og markaðir hafa þróast og breyst.

Í lok árs 2023 fór fram stefnumótun hjá EFLU-samstæðunni. Þar var horft til næstu fimm ára, 2024 – 2028. Yfirskrift stefnunnar er „Vit ratar víða – saman mótum við sjálfbæra framtíð" (e. „Knowledge crossing boundaries – together we shape a sustainable future"). Hér er vísað til þess að þekking þarf að flæða óhindrað innan allra fyrirtækja samstæðunnar. Þekking starfsfólks þarf líka að flæða til viðskiptavina í formi þjónustu og lausna. Síðast en ekki síst þarf EFLA stöðugt að afla sér nýrrar þekkingar og vera tilbúin að leiða brýnar áskoranir nútímasamfélaga.

„Vit ratar víða – saman mótum við sjálfbæra framtíð."

Ein megináhersla í þessari stefnu EFLU kemur fram í setningunni „saman mótum við sjálfbæra framtíð". EFLA hefur um árabil verið leiðandi fyrirtæki þegar kemur að sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð. Á það bæði við um eigin rekstur en ekki síður um sjálfbærniáherslur í verkefnum fyrir viðskiptavini.

„Sjálfbær samfélög" er einmitt ein af fjórum meginstoðum nýrrar stefnu sem undirstrikar að EFLA ætlar sér að leggja mikla áherslu á sjálfbærni og hringrásarhagkerfið í allri sinni þjónustu til framtíðar. Hinar þrjár meginstoðir, og þar með áherslur, stefnunnar eru „Ein EFLA", „Hæfileikaríkt fólk" og „Markaður og viðskiptavinir". Árið 2024 var fyrsta árið í rekstri EFLU þar sem unnið var eftir þessari nýju stefnu og er hún þegar farin að setja verulegt mark á áherslur og þjónustuframboð allra EFLU-fyrirtækjanna.

Eitt af verkefnum ársins 2024 var að klára að uppfylla lágmarkskröfur Flokkunarreglugerðar ESB (e. EU Taxonomy). Hluti af þessari vinnu var að aðlaga ýmsar innri stefnur fyrirtækisins og bæta við nýjum. Stefna um mútur og spillingu og mannauðsstefna voru uppfærðar, svo einhverjar séu nefndar. Fyrirtækið setti sér skattastefnu, stefnu um sanngjarna samkeppni og stefnu um notkun gervigreindar. Þessar stefnur, ásamt mörgum öðrum, eru leiðarljósið í gæðakerfi EFLU sem er í sífelldri aðlögun að breyttum þörfum og kröfum þeirra samfélaga sem samstæðan þjónar.

Rekstur

Fjárhagsyfirlit samstæðu 2022—2024 í þús. kr.

Rekstur	2024	2023	2022
Rekstrartekjur	12.266.169	11.013.708	8.988.156
Hagnaður f. skatta	1.481.836	1.509.412	1.053.459
Hagnaður ársins	1.136.827	1.223.755	852.908

Efnahagsreikningur	31.12.2023	31.12.2023	31.12.2022
Eignir			
Fastafjármunir	295.592	368.188	380.672
Veltufjármunir	4.879.011	4.227.615	3.416.030
Eignir	5.174.603	4.541.071	3.796.702
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé meirihlutaeigenda	2.828.470	2.205.198	1.912.661
Hlutdeild minnihluta	6.026	5.273	3.507
Eigið fé	2.834.496	2.210.471	1.916.168
Skuldir	2.340.107	2.330.600	1.880.534
Eigið fé og skuldir	5.174.603	4.541.071	3.796.702

Kennitölur		2023	2022
Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA)	1.439.739	1.512.359	1.048.396
Veltufjárhlutfall	2,09	1,82	1,83
Eiginfjárhlutfall	54,66%	45,56%	50,38%
Hreint veltufé frá rekstri	1.220.218	1.392.768	1.003.286



„Hlutverk EFLU er að koma með lausnir sem stuðla að framförum hjá viðskipta-vinum og efla samfélög.“

Hlutverk

EFLA er þekkingarfyrirtæki með 50 ára sögu sem veitir fjölbreytta þjónustu á öllum helstu sviðum verkfræði, tækni og tengdra greina. Hlutverk EFLU er að koma með lausnir sem stuðla að framförum hjá viðskiptavinum og efla samfélög. Því er samfélagsleg ábyrgð samofin tilgangi fyrirtækisins.

EFLA heldur í heiðri vistvæna áherslu og sjálfbærni í viðfangsefnum sínum og ber virðingu fyrir samfélagi og umhverfi. Metnaður starfsfólks liggur m.a. í að veita viðskiptavinum og samstarfsaðilum framúrskarandi þjónustu og afburðaráðgjöf. Starfsumhverfið er krefjandi þar sem ríkar kröfur eru gerðar til þróunar á nýjum aðferðum og lausnum og gegnir nýsköpun því mikilvægu hlutverki í starfseminni. EFLA heldur úti starfsstöðvum um allt land auk þess að hafa byggt upp starfsemi erlendis og náð þar fótfestu. EFLA á dóttur- og hlutdeildarfélög í fimm löndum, en auk Íslands skilgreinir fyrirtækið Noreg sem sinn heimamarkað.

Traustur rekstur er lykilatriði í starfseminni og samkvæmt ársreikningi EFLU 2023 námu rekstrartekjur fyrirtækisins, ásamt dótturfélögum, rúmlega 11 milljörðum króna og þar af voru tekjur erlendu dótturfélaganna um 15% af veltu. EFLA er hlutafélag og eru allir hluthafar starfandi í félaginu. EFLA er eitt af þeim 54 fyrirtækjum á Íslandi sem hlotið hafa viðurkenningu Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki hvað varðar rekstur og fjárhagslega stöðu frá upphafi þeirrar viðurkenningar, árið 2010.

Lögð er áhersla á að allt starfsfólk EFLU hafi gildi fyrirtækisins að leiðarljósi í öllu sínu starfi, við ákvarðanatöku og í samskiptum við samstarfsfélaga og viðskiptavini. Þau grundvallarviðhorf og hugmyndir sem liggja að baki fyrirtækjamenningu EFLU endurspeglast skýrt í þremur gildum.

Hugrekki

Öll verkefni eru áskorun um að finna snjallar lausnir – hjá okkur er allt mögulegt.

Samvinna

Við erum samstillt og vinnum náið með viðskipta-vinum að framúrskarandi árangri.


Traust

Við byggjum á öflugri þekkingu, reiðum okkur hvert á annað og stöndum við það sem við segjum.

Öll starfsemi EFLU ber þess merki að stjórnkerfi fyrirtækisins eru vottuð og byggjast á gæðastjórnun ISO 9001, umhverfisstjórnun ISO 14001 og öryggisstjórnun ISO 45001. Starfsemin er jafnlaunavottuð og vinnur fyrirtækið að innleiðingu upplýsingaöryggisstaðalsins ÍST 27001.

EFLA er aðili að Global Compact-sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagslega ábyrgð og styðst við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í stefnumörkun fyrirtækisins. Heimsmarkmiðin eru 17 með 169 undirmarkmiðum og gilda til ársins 2030.

EFLA hefur forgangsraðað fjórum heimsmarkmiðum út frá stefnumiðun fyrirtækisins. Þau tengjast kjarnastarfsemi EFLU og eru samofin stefnu-mótun félagsins. Þessi markmið eru:



Jafnframt er lögð áhersla á heimsmarkmið nr. 5 - Jafnrétti kynjanna, nr. 8 - Góð atvinna og hagvöxtur og nr. 13 - Aðgerðir í loftslagsmálum.

Í takt við hraðar breytingar og þróun í samfélaginu er teymishugsun kjarninn í samvinnu og starfsumhverfi EFLU. Markmiðið er að skapa skýrari megináherslur í starfseminni, einfaldari uppbyggingu, meiri aðlögunarhæfni, spennandi starfsþróunarmöguleika og lifandi fyrirtæki. Markaðssvið fyrirtækisins eru fjögur: byggingar, iðnaður, orka og samfélag; stoðsvið EFLU eru þrjú: mannauður, rekstur og þróun.

Á landsbyggðinni eru svæðisskrifstofur EFLU á Norðurlandi, Austurlandi, Vesturlandi, Vestfjörðum og Suðurlandi. Um 24% starfsfólks EFLU starfar á landsbyggðinni.










Byggingar

EFLA hefur verið í fararbroddi við hönnun mannvirkja, bæði í nýbyggingum og við endurgerð bygginga. Vistvæn sjónarmið eru höfð að leiðarljósi og rík áhersla lögð á nýsköpun og þróun. Sérstaða EFLU felst í mikilli breidd, alhliða þekkingu og hæfni til að koma með óhefðbundnar lausnir í krefjandi verkefnum, t.d. við undirbúning, áætlanagerð, hönnun, eftirlit og verkefnastjórnun.

Vellíðan og heilsa notenda í byggingum er ætíð í forgrunni og tekur hönnunin mið af vönduðu efnisvali, loftgæðum, hljóðvist, orkunýtni og lýsingu. Ávallt er miðað að því að lágmarka umhverfisáhrif bygginga yfir líftíma þeirra til þess að minnka kolefnisfótspor og stuðla að sjálfbærni.



Iðnaður

Sérfræðingar EFLU hafa alþjóðlega reynslu af verkefnum og ráðgjöf í iðnaði og framleiðslu, þar með talið af stjórnkerfum, vinnsluferlum, stýringum og sjálfvirkni. Við blasir áframhaldandi hröð þróun tengd tækni og stafrænni umbreytingu og EFLA styður viðskiptavini í þeirri vegferð.

EFLA veitir fjölbreytta ráðgjöf í iðnaði til að auka skilvirkni, framleiðni, öryggi, upplýsingagjöf og gæði í vinnsluferlum og þjónustu. Einnig er til staðar yfirgripsmikil þekking á vinnsluferlum og sjálfvirknivæðingu í iðnaði og stjórnkerfum. Unnið er markvisst að þróun snjallra lausna og heildarlausna þar sem gervigreind, róbótatækni og myndgreining gegna mikilvægu hlutverki.



Orka

EFLA veitir heildstæða ráðgjöf við undirbúning, rannsóknir, virkjun, viðhald og eftirlit á sviði endurnýjanlegrar orku sem og flutnings- og dreifikerfi raforkunnar. EFLA hefur mikla alþjóðlega reynslu af hönnun orkuflutningskerfa. Jafnframt býr starfsfólk yfir sterkri faglegri sérhæfingu í orkumálum og hefur áratuga reynslu af hagrænum greiningum og ráðgjöf á sviði orkumála og raforkukerfisins í heild. Aðgangur að sjálfbærri orku og orkuskipti verða grundvallaratriði í framförum og hagsæld í framtíðinni og lykilþáttur í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. EFLA er leiðandi þátttakandi í þróun lausna og ráðgjafar á þessu sviði.



Samfélag


EFLA hefur það að markmiði að vera lykilþátttakandi í að bæta samfélagið í þeim tilgangi að auka lífsgæði, þróa mikilvæga innviði og styrkja atvinnulífið. Undirstöðuatriði framsækinna lausna byggja á sjálfbærni og opnar stafræn þróun ný tækifæri á öllum sviðum samfélagsins.

EFLA er leiðandi í sjálfbærum lausnum til að bæta samfélagið með umhverfisleg, samfélagsleg og hagræn sjónarmið að leiðarljósi. Þjónustan er fjölbreytt, hún snýr t.d. að stefnumótun í samfélagslegum viðfangsefnum, greiningum, skipulagsgerð, landslagsarkitektúr, umhverfismálum, vatns-, hita- og fráveitum, vistvænum samgöngum og samgöngumannvirkjum, hamfaravörnum og öryggi samfélagsins.



Húsnæði EFLU að Lynghálsi 4 í Reykjavík.

„Árið 2024 var metár fyrir EFLU í Noregi, sem undirstrikar stöðugan vöxt og sterkari stöðu fyrir áframhaldandi árangur árið 2025.“



EFLA um allan heim

Noregur

EFLA í Noregi hefur einkum veitt sérhæfða þjónustu við háspennulínur og önnur verkefni sem lúta að dreifingu raforku en hefur einnig veitt þjónustu við aðrar greinar verkfræði. Þannig hefur EFLA komið að fjölmörgum samgönguverkefnum, svo sem hönnun og viðgerðum brúarmannvirkja, vegahönnun, jarðgöngum, jarðtækni og vatns- og fráveitumálum. Einnig hefur byggingasviði verið bætt við þjónustu EFLU í Noregi.

EFLA á sér langa sögu við verkfræðiráðgjöf á norska orkumarkaðinum og í iðnaði þar sem fyrirtækið hefur unnið við gerð ýmiss konar stjórnkerfa. Árið 2024 var metár fyrir EFLU í Noregi, sem undirstrikar stöðugan vöxt og sterkari stöðu fyrir áframhaldandi árangur árið 2025. EFLA AS styrkti stöðu sína með fjölgun starfsfólks úr 47 í 53 og stofnun nýs jarðtækni- og jarðfræðisviðs.

Langtímarammasamningar við Statnett tryggðu áframhaldandi þátttöku í innviðaverkefnum sem styðja orkuskipti Noregs, auk þess sem EFLA tók þátt í nýstárlegum verkefnum, svo sem E39 „Tegningsløs leveranse“, þar sem hefðbundnar teikningar voru leystar af hólmi með módelum. Á árinu var einnig fjárfest í skipulagsbótum, stafrænum umbreytingum og mannauðsþróun með ráðningu sérstaks mannauðsstjóra og opnun nýrrar vefsíðu.

Svíþjóð

EFLA í Svíþjóð veitir sérhæfða þjónustu við háspennulínur og önnur verkefni sem lúta að flutningi og dreifingu raforku. EFLA í Svíþjóð hefur unnið frá Íslandi að verkefnum við orkuflutningskerfið í Svíþjóð og með stofnun félagsins vorið 2014 lagði EFLA enn frekari áherslu á þjónustu við sænska markaðinn til framtíðar.


EFLA AB átti sitt besta ár frá stofnun og jók verulega við starfsemi sína. Starfsmönnum í Stokkhólmi fjölgaði úr fjórum í ellefu á árinu. Fyrirtækið hefur styrkt stöðu sína á sænskum markaði, meðal annars með öflugum samningum við Svenska kraftnät, sem nú er næststærsti viðskiptavinur EFLU á heimsvísu. Verkefnastaða næstu ára er sterk og horfurnar bjartar fyrir frekari vöxt.

EFLA AB stefnir á áframhaldandi vöxt, aukna samvinnu og framúrskarandi lausnir fyrir viðskiptavini sína í Svíþjóð. Tækifærin eru mikil og fyrirtækið í sterkri stöðu til að nýta þau til fulls.

Skotland

KSLD er lýsingarhönnunarstofa sem var stofnuð í Edinborg árið 1989 af Kevan Shaw lýsingarhönnuði. Stofan hefur byggt upp gott orðspor fyrir framúrskarandi lýsingarhönnun í næstum þrjá áratugi. Meðal verkefna stofunnar er lýsingarhönnun í söfnum, galleríum, hótelum, veitingastöðum, verslunum og sögulegum byggingum. EFLA og KSLD hafa átt samstarf um langt skeið og í nóvember 2018 varð KSLD dótturfyrirtæki EFLU. Með sameiningunni styrktist lýsingarhönnunarteymi EFLU enn frekar, en það veitir fjölbreyttar lausnir á alþjóðavettvangi. Lögð er áhersla á lýsingarhönnun sem dregur fram formáherslur mannvirkja, gæðir þau lífi og bætir sjónræna upplifun notenda. Starfsfólk lýsingarsviðs EFLU og KSLD er staðsett í Reykjavík, Edinborg og Osló.

EFLA KSLD styrkti stöðu sína sem leiðandi í lýsingarhönnun með sjálfbærum og nýstárlegum lausnum sem sameina notagildi og listræna tjáningu. Teymið vann að fjölbreyttum verkefnum sem endurspegla samfélagslega ábyrgð og umhverfisvernd. Meðal verkefna var lýsingarhönnun fyrir skrifstofu sem styður konur í viðkvæmri stöðu, sem skapaði öruggt og hlýlegt rými. Í Edinborgarháskóla var lýsing endurbætt til að draga úr orkunotkun og loftmengun. Þá var verkefni í King's Gallery í Holyroodhouse-höllinni tilnefnt til verðlauna fyrir endurhönnun með LED- og DALI-stjórnkerfi sem bættu upplifun og auðvelduðu rekstur.





Pólland

EFLA í Póllandi er staðsett í borginni Lodz og er rótgróið ráðgjafarfyrirtæki á sviði verkfræði. Þar starfa tæplega 40 manns sem vinna í nánu samstarfi við starfsfólk EFLU í öðrum löndum. Starfsstöðin sérhæfir sig í alhliða undirbúningi og hönnun raforkuflutningslína og tengivirkja. Þar með eru taldar tengistöðvar, loftlínur, jarðstrengir og ljósleiðarar ásamt háspennubúnaði. Meðal helstu viðskiptavina fyrirtækisins er PSE, opinbert fyrirtæki sem á og rekur pólska raforkuflutningskerfið, og rafdreifiveitur í Póllandi.

EFLA í Póllandi lagði aukna áherslu á skipulag, rekstrarbætur og faglega þróun á árinu. Aukin skilvirkni í starfseminni var tryggð með uppfærslu hugbúnaðarkerfa og betri samhæfingu upplýsingatækniþjónustu. Áhersla var einnig lögð á starfsþróun með skýrum viðmiðum um framgang, launastig og viðbótarkjör.

Fyrirtækið gegnir lykilhlutverki í nútímavæðingu orkuinnviða í Póllandi með hönnun háspennustöðva og loftlína sem styðja við orkuskipti og samþættingu endurnýjanlegra orkugjafa.

Frakkland

HECLA SAS, sem er staðsett í París, sérhæfir sig í undirbúningi og hönnun orkuflutningsmannvirkja. Fyrirtækið var stofnað árið 2001 þegar fyrir lágu veruleg verkefni í uppbyggingu orkuflutningskerfa í Frakklandi eftir miklar skemmdir í óveðri um síðustu aldamót. Stofnendur félagsins hafa verið bakhjarlar þess alla tíð síðan og byggt á íslenskri þekkingu og reynslu við þróun þess. Stærsti viðskiptavinur HECLA er franska landsnetið RTE. HECLA leiðir svokallaðan HEI hóp þriggja fyrirtækja, sem hafa rammasamning við RTE til ársins 2025 með mögulegri framlengingu. Hjá HECLA starfa nú tólf manns og er stefnt að markvissum vexti félagsins í samræmi við tækifærin framundan.


TENINGURINN
VIÐURKENNING VFÍ - 2023

Árangur

Framúrskarandi fyrirtæki

EFLA fékk viðurkenningu sem Framúrskarandi fyrirtæki samkvæmt mati Creditinfo. Þetta er 15. árið í röð sem EFLA hlýtur þessa viðurkenningu. EFLA er eitt af 53 fyrirtækjum sem hefur verið Framúrskarandi frá upphafi. Alls fengu 1.136 fyrirtæki þessa viðurkenningu í ár og stóðust því ströng skilyrði Creditinfo til að verða Framúrskarandi fyrirtæki. Fyrirtækjum á listanum fjölgaði um 12% á milli ára. EFLA var í 49. sæti á heildarlista allra fyrirtækja á þessum lista, en í 1. sæti á lista yfir fyrirtæki í sinni atvinnugrein eða fyrirtækja þar sem stunduð er sérfræðileg-, vísindaleg- og tæknileg starfsemi.

Viðurkenning Jafnvægisvogar FKA

EFLA hlaut viðurkenningu Jafnvægisvogar Félags kvenna í atvinnulífinu annað árið í röð fyrir að hafa jafnað kynjahlutfall í framkvæmdarstjórn félagsins. Í framkvæmdarstjórn EFLU sitja nú fjórar konur og fjórir karlar, sem tryggir fullkomið jafnrétti í ákvörðunarferlum fyrirtækisins. Frá árinu 2021 hefur EFLA verið virkur þátttakandi í verkefni Jafnvægisvogarinnar og lagt áherslu á að hvetja konur til aukinnar ábyrgðar innan fyrirtækisins.

Fyrirtækjavefur ársins

Nýr alþjóðlegur vefur EFLU, EFLA-engineers.com, var valinn Fyrirtækjavefur ársins í flokki stórra fyrirtækja á Íslensku vefverðlaununum. Samstarfsverkefni EFLU og Hugsmiðjunnar, með ráðgjöf frá Digido, skapaði vef sem dómnefndin lofaði fyrir áhugaverða og lifandi framsetningu efnis. Vefurinn var sérstaklega hannaður til að veita skýrar upplýsingar um þjónustu og verkefni EFLU, með áherslu á að gera efnið aðgengilegt og fróðlegt fyrir alþjóðlegan markað.

Teningurinn

Almannavarnir, í samstarfi við EFLU og Verkís, hlutu viðurkenninguna Teninginn frá Verkfræðingafélagi Íslands fyrir framúrskarandi verkefni á Degi verkfræðinnar. Viðurkenningin var veitt fyrir sameiginlegt verkefni á sviði innviðaverndar og náttúruvárstjórnunar, þar sem EFLA lék lykilhlutverk.

Samfélagssjóður

Á árinu veitti Samfélagssjóður EFLU styrki til 13 samfélagsverkefna. Úthlutunin fór fram í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Reykjavík og á svæðisstöð EFLU á Akureyri. Með styrkveitingunum vill EFLA styðja fjölbreytt samfélagsverkefni sem hafa jákvæð áhrif á samfélagið.

Íslenski sjávarklasinn

EFLA og Íslenski sjávarklasinn hófu samstarf sem miðar að aukinni verðmætasköpun í bláa hagkerfinu. Verkefnið Verbúðin snýst um að styrkja tengsl frumkvöðlafyrirtækja og rótgróinna fyrirtækja í sjávarútvegi og stuðla að nýtingu hráefna sem áður voru talin úrgangur. Verkefnið hefur það að markmiði að leita nýrra lausna fyrir sjávarútveginn og efla rannsóknarstarf með aðkomu háskólasamfélagsins.

Frumkvöðlar á Akureyri

EFLA á Akureyri hóf þátttöku í Drift EA, samstarfsverkefni sem styður frumkvöðla í Eyjafirði. Verkefnið miðar að því að byggja upp öfluga frumkvöðlastarfsemi með aðsetur í gamla Landsbankahúsinu við Ráðhústorg. Drift EA er sjálfseignarstofnun sem hjálpar frumkvöðlum að þróa hugmyndir sínar og koma þeim í framkvæmd.

Grænafl

EFLA skrifaði undir samstarfssamning við Grænafl á Siglufirði. Markmið verkefnisins er að stuðla að orkuskiptum í minni strandveiðibátum með því að innleiða rafvæðingu og þróa innviði fyrir hleðslustöðvar í höfnum landsins. Þátttaka EFLU í þessu verkefni, sem unnið er í samvinnu við kóreska og íslenska samstarfsaðila, styður stefnu fyrirtækisins um sjálfbærni og þróun nýrrar tækni.



Viðburðir



Úr vel heppnuðu viðskiptavinaboði EFLU í Reykjavík.

Framadagar

EFLA tók þátt í Framadögum sem voru haldnir í Háskólanum í Reykjavík í febrúar. Þar hittu fulltrúar EFLU ungt námsfólk sem vildi kynna sér fyrirtækið og starfsmöguleika, hvort sem var til framtíðar eða vegna sumarstarfa.

Viðskiptavinaboð

EFLA hélt fjögur vel heppnuð viðskiptavinaboð á árinu. Fyrsta boðið fór fram í Ketilhúsinu á Akureyri í mars. Í maí fjölmenntu viðskiptavinir í Gamla bíó í Reykjavík á fallegum vordegi. Á Ísafirði var viðskiptavinaboð í Edinborgarhúsinu, samhliða EFLU þingi. Í lok árs var svo viðburður í Risinu á Selfossi þar sem Suðurland var í fókus. EFLA hyggst halda áfram með slíka viðburði á komandi ári, í takt við þær góðu viðtökur sem þeir hafa fengið.

Vísindaferðir

EFLA stóð fyrir vísindaferðum á Norðurlöndunum í nóvember. Háskólanemendum í Svíþjóð, Danmörku og Noregi var boðið til viðburðar í hverju landi fyrir sig þar sem starfsfólk EFLU kynnti fyrirtækið og þá starfsmöguleika sem eru í boði fyrir fólk að loknu námi. Auk þess var tekið á móti fjölmennum hópi að Lynghálsi 4 í Reykjavík, höfuðstöðvum EFLU, í september en þangað mættu nemendur í Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík til að kynna sér starfsemi EFLU.



Stelpur, stálp og tækni

EFLA tók þátt í verkefninu Stelpur, stálp og tækni, þar sem 50 grunnskólanemendur heimsóttu höfuðstöðvar fyrirtækisins í maí. Markmiðið var að hvetja stúlkur og stálp til að skoða möguleika í tækninámi og -störfum, og þar með rjúfa staðalímyndir um iðnaðinn.

Heimsókn til Danmerkur

EFLA hélt áfram að styrkja tengsl við Danmörku á árinu, þar sem fyrir-tækið opnaði skrifstofu í Kaupmannahöfn. Í október fylgdu Sæmundur Sæmundsson, framkvæmdastjóri, og Birta Kristín Helgadóttir, sviðsstjóri orku, forseta Íslands í heimsókn til Danmerkur. Með áherslu á græna orku, sjálfbærni og nýsköpun var heimsóknin liður í að efla samstarf við danska samstarfsaðila um orkuskipti og sjálfbæra þróun.

Verndun innviða á Reykjanesi

Forsetahjónin fyrrverandi, Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Reid, tóku á móti starfs-fólki EFLU og annarra fyrirtækja í júlí til að þakka framlag þeirra við verndun innviða á Reykjanesi vegna náttúruvár. Um tuttugu fulltrúar EFLU mættu á viðburðinn.

Verk og vit

EFLA var áberandi á fagsýningunni Verk og vit sem haldin var í Laugardalshöll í apríl. Þemað í kynningarbási EFLU, „Nýtum allt til góðra verka“, var tileinkað endur-nýtingu byggingarefna í ýmsum byggingarverkefnum. Básinn var unninn í samstarfi við listamennina Adrian Frey Rodriguez og Narfa Þorsteinsson frá Verkvinnslunni og vakti mikla athygli. Básinn var að öllu leyti unninn úr úrgangsefniviði að slökkvi-tækjum undanskildum. Efniviður bássins var nýttur áfram eftir lok sýningarinnar.

Lagarlíf

Starfsfólk EFLU sótti Lagarlíf, ráðstefnu um eldi og ræktun, sem haldin var í Hörpu. Fyrirtækið tók einnig þátt í Framadögum sem haldnir voru í Háskólanum í Reykjavík, tæknideginum á UTmessunni í Hörpu og Fagþingi Samorku í Hveragerði.

Stóreldhúsið

EFLA kynnti Matarspor, umhverfisvænan þjónustuvef, á Stóreldhúsinu, árlegri fagsýningu sem haldin var í Laugardalshöll. Matarspor gerir mötuneytum og matsölustöðum kleift að reikna kolefnisspor og bera saman næringargildi ólíkra rétta. Fjöldi gesta kynnti sér lausnina og Sigurður Loftur Thorlacius, umhverfisverkfræðingur, flutti áhugaverðan fyrirlestur um umhverfisáhrif matar og Matarspor.

Iceland Geothermal Conference

Starfsfólk EFLU sótti einnig Iceland Geothermal Conference, sem var haldin í maí, þar sem ráðstefnugestir fengu innsýn í umfangsmikla þekkingu EFLU á sviði jarðvarma. Í júní stóð fyrirtækið fyrir rafrænni kynningu sem fjallaði um möguleika til að draga úr kolefnislosun í byggingariðnaði, hluta af norrænu samstarfsverkefni.



Arctic Circle

EFLA stóð fyrir málstofu á Arctic Circle-ráðstefnunni undir heitinu „Ensuring Stable and Reliable Operation of Future Sustainable Power Grids“. Fundurinn fjallaði um áskoranir í tengslum við nýtingu vindorku í litlum og einangruðum orkukerfum eins og því íslenska. Hjörtur Jóhannsson, rafmagnsverkfræðingur hjá EFLU, stóð fyrir pallborðsumræðum sem vöktu mikinn áhuga fundargesta.

Hafnasambandsþing

Hafnasambandsþing var haldið á Akureyri, þar sem verkfræðingar EFLU kynntu hugmyndir um orkuhafnir til grænnar framtíðar.

Alþjóðlegir viðburðir

Fulltrúar EFLU voru áberandi á alþjóðlegum viðburðum á árinu, þar á meðal HYDRO 2024 í Graz í Austurríki, sem fjallaði um vatnsaflsvirkjanir. Birta Kristín Helgadóttir og Helga Jóhanna Bjarnadóttir sóttu COP29-ráðstefnuna í Bakú og tóku þátt í umræðu um loftslagsvá.



„Jón Haukur Steingríms-
son, jarðverkfræðingur
hjá EFLU, sagði verk-
efnið hafa verið eins-
taka áskorun þar sem
hraunflekarnir sköpuðu
óvenjulegar aðstæður.“

Umfjöllun

EFLA var í brennidepli í alþjóðlega tímaritinu Agri Business Review í febrúar, þar sem vaxandi hlutverk fyrirtækisins í fiskeldi á landi var kynnt til sögunnar. Landeldi er nýlegur valkostur sem EFLA hefur unnið að í samstarfi við hagsmunaaðila. Lausnir fyrirtækisins bjóða upp á betri stjórn á vatnsgæðum og draga úr umhverfisáhættu, sem er mikilvægt framfaraskref í þessari vaxandi atvinnugrein.

EFLA kom að vinnu við nýjan Grindavíkurveg sem lagður var yfir nýtt hraun eftir eldgos á Reykjanesskaga. Jón Haukur Steingrímsson, jarðverkfræðingur hjá EFLU, sagði verkefnið hafa verið einstaka áskorun þar sem hraunflekarnir sköpuðu óvenjulegar aðstæður.

Reynir Sævarsson, hjá viðskiptaþróun EFLU, var í viðtali í maí þar sem hann ræddi mikilvægi samræmdra viðmiða um uppbyggingu á áhættusvæðum, ekki síst í ljósi náttúruhamfara sem orðið hafa í landinu síðustu ár. Reynir benti á að slík viðmið væru grundvöllur sjálfbærs skipulags og uppbyggingar.

Í júní kynnti Sigurður Loftur Thorlacius uppfærslu á Matarspori í Morgunblaðinu. Í júlí var Sigurður einnig í fjölmiðlum að ræða vistferilsgreiningu fyrir Coda Terminal, stórtækt verkefni í nýsköpun. Með vistferilsgreiningu er hægt að meta umhverfisáhrif framkvæmdar frá fyrstu stigum hönnunar, sem veitir mikilvæga innsýn í sjálfbæra þróun framkvæmdarinnar.

Í nóvember var Ágústa Loftsdóttir, sérfræðingur í orkumálum hjá EFLU, í viðtali í Kastljósi á RÚV. Þar ræddi hún um stöðu orkumála í aðdraganda alþingiskosninga og hvað kjósendur ættu að hafa í huga þegar þeir skoða stefnu stjórnmálaflokka í þessum mikilvæga málaflokki. Umræðan undirstrikaði mikilvægi skynsamlegrar orkunýtingar og stefnumörkunar á Íslandi.



Nýsköpun

EFLA leggur ríka áherslu á nýsköpun og þróun lausna sem styðja við sjálfbær og snjallari samfélög. Með fjölbreyttum rannsóknar- og þróunarverkefnum vinnur EFLA að framþróun í orkumálum, hringrásarhagkerfi, samgöngum, stafrænni þróun og loftslagsaðgerðum. Verkefnin spanna allt frá fýsileikagreiningu vetnisgasveitu og endurnýtingu úrgangs til þróunar kortalausna og snjallforrita. Í samstarfi við stofnanir, fyrirtæki og sveitarfélög nýtir EFLA sér sérfræðiþekkingu sína til að skapa hagnýtar og sjálfbærar lausnir sem bæta lífsgæði og stuðla að umhverfisvænni framtíð.

Rafræn mastrablöð

EFLA hefur þróað rafræn mastrablöð til að auðvelda skráningu og upplýsingaöflun við masturstæði. Markmiðið er að lágmarka tvíverknað og draga úr líkum á mannlegum mistökum með stafrænum lausnum. Verkefnið felur í sér forritun og vinnslu í QGis, sem tryggir betri yfirsýn og nákvæmari gagnaöflun. Lausnin er í stöðugri þróun til að mæta síbreytilegum þörfum notenda og auka skilvirkni í vinnslu gagna.

Samanburður mismunandi umferðargreininga

EFLA vann að samanburði á hefðbundnum umferðargreiningum með myndavélum og TomTom-hugbúnaði til að meta kosti og nákvæmni mismunandi greiningaraðferða. Verkefnið fól í sér gagnagreiningu og -vinnslu á umferðartölum ákveðinna strauma á Vesturlandi. Niðurstöðurnar veita dýrmæt gögn fyrir umferðarstjórnun og skipulag. Verkefnið var unnið með stuðningi Vegagerðarinnar og því er nú lokið.

Ferðamynstur og leiðarval notenda örflæðis

EFLA greindi leiðarval og notkunarmynstur reiðhjóla og rafhlaupahjóla á höfuðborgarsvæðinu með því að vinna úr gögnum frá Strava og Hopp. Verkefnið fól í sér gagnagreiningu og þéttleikagreiningu í QGIS, sem veitir innsýn í ferðavenjur notenda virkra ferðamáta. Verkefnið, sem hefur nú verið lokið, var styrkt af Vegagerðinni og styður við heimsmarkmið um bætt aðgengi að sjálfbærum samgöngutækjum.

Slys á óvörðum vegfarendum í myrkri

EFLA vinnur að greiningu á því hvort birtuskilyrði hafi áhrif á fjölda slysa á óvörðum vegfarendum innan þéttbýlis. Verkefnið byggir á gagnagreiningu um sólargang, slys og veðurgögn og er unnið m.a. í Python. Verkefnið, sem er í vinnslu, er styrkt af Vegagerðinni og styður við heimsmarkmið um fækkun umferðarslysa.

Hjólreiðar í öllum veðrum

EFLA vinnur að greiningu á því hvernig veðurfræðilegir þættir hafa áhrif á fjölda hjólandi vegfarenda og hvort mismunandi veðuraðstæður breyti dreifingu hjólaumferðar yfir daginn. Verkefnið felur í sér smíði á línulegu aðhvarfslíkani í Python, með úrvinnslu og túlkun gagna ásamt myndrænni framsetningu. Verkefnið, sem er í vinnslu, er styrkt af Vegagerðinni og styður við heimsmarkmið um bætta og örugga sjálfbæra samgöngukosti.



Umferðaröryggisáhrif leiðigerða við ljósastýrð gatnamót

EFLA vann að samantekt á fræðilegri umfjöllun um áhrif leiðigerða á umferðaröryggi við ljósastýrð gatnamót, með það að markmiði að meta við hvaða aðstæður þær henta og henta ekki. Verkefnið byggði á gagnaleit og samskiptum við sérfræðinga á Norðurlöndum varðandi sambærilegar lausnir. Verkefnið, sem er afstaðið, var styrkt af Vegagerðinni og styður við heimsmarkmið um fækkun alvarlegra umferðarslysa.

Slysagreiningar og -spár með umferðarlíkönum

EFLA vann að mati á fýsileika PTV Visum Safety við umferðaröryggisgreiningar á Íslandi. Markmiðið var að spá fyrir um þróun slysa út frá breyttu skipulagi samgöngukerfisins og byggðaþróun. Verkefnið byggði á gagnaöflun og -vinnslu þar sem umferðarlíkön voru tengd við gögn um umferðarslys og greind með Visum Safety-forritinu. Verkefninu er lokið og var það styrkt af Vegagerðinni. Það styður við heimsmarkmið um fækkun alvarlegra umferðarslysa.

Snjósöfnun og umferðaröryggi

EFLA vinnur að samantekt á snjósöfnun og áhrifum hennar á umferðaröryggi með samanburði á verklagi hérlendis og erlendis. Verkefnið felst í öflun heimilda og samráði við sérfræðinga til að veita innsýn í bestu aðferðir við snjósöfnun og skiptingu rýmis í götuþversniði. Verkefnið, sem er í vinnslu, er styrkt af Vegagerðinni og styður við heimsmarkmið um fækkun alvarlegra umferðarslysa.

Vegrifflur – staða þekkingar og ráðleggingar

EFLA vinnur að samantekt á virkni og áhrifum vegriffla, þar á meðal notkunarmöguleikum og mismunandi útfærslum þeirra eftir vegyfirborði. Verkefnið byggir á heimilda- og gagnaöflun með greiningu á rannsóknarefni, stöðlum og slysatíðni fyrir og eftir fræsingu vegriffla. Verkefnið, sem er í vinnslu, er styrkt af Vegagerðinni og styður við heimsmarkmið um fækkun alvarlegra umferðarslysa.

Slys vegna rafhlaupahjóla

EFLA vinnur að greiningu á slysum vegna rafhlaupahjóla með viðtölum við heilbrigðisstarfsmenn, til að meta áhrif þeirra á heilbrigðiskerfið. Aðferðin byggir á spurningalista sem lagður er fyrir viðmælendur, með áherslu á kunnáttu og reynslu þeirra af þessum slysum. Verkefnið, sem er í vinnslu, er styrkt af Vegagerðinni og styður við heimsmarkmið um fækkun alvarlegra umferðarslysa.



Greining á næstum því slysum á gatnamótum

EFLA nýtti myndgreiningartækni til að greina næstum því slys á gatnamótum í Reykjavík, sem áður var aðeins hægt að kortleggja með handtalningum. Gögn voru unnin með Miovision-hugbúnaði, þar sem ferlar og hraði ökutækja og óvarðra vegfarenda voru greindir. Verkefninu er lokið og var það styrkt af Vegagerðinni. Það styður við heimsmarkmið um fækkun alvarlegra umferðarslysa.

Hagnýting samgöngulíkans fyrir loftgæðaútreikninga

EFLA vinnur að nýtingu samgöngulíkans höfuðborgarsvæðisins til að spá fyrir um losun mengunarefna frá vegaumferð og samræma útreikningsaðferðir. Unnið er með Nortrip og Visum-hugbúnað til að greina svifryk, spá fyrir um rafbílanotkun og búa til losunarspár fram til ársins 2040. Verkefnið, sem er í vinnslu, er styrkt af Vegagerðinni og styður við heimsmarkmið um bætt loftgæði í borgum.

Ferðamyndun í blandaðri byggð

EFLA greindi ferðamyndun og -dreifingu í blönduðum þéttingarreit á höfuðborgarsvæðinu til að skapa forsendur fyrir hönnun sambærilegra svæða. Verkefnið fól í sér umferðargreiningu með Miovision-hugbúnaði, gagnaöflun og notkun ferðamyndunarjafna. Verkefninu er nú lokið. Það var styrkt af Vegagerðinni og styður við heimsmarkmið um öruggar og sjálfbærar samgöngur.



Úr skógi – Skógarafurðir á Íslandi

EFLA vann að forvali hugmynda um verðmætasköpun úr íslenskum skógum fyrir Félag skógarbænda á Suðurlandi. Verkefnið fól í sér greiningu á úrvinnslu skógarnytja, flokkun hugmynda eftir gerð, raunhæfni og markaði, auk samráðs við sérfræðinga. Það var unnið í samstarfi við FsS, LOGS, LHÍ og vöruhönnuðinn Björk Gunnbjörnsdóttur. Verkefnið stuðlar að atvinnuuppbyggingu og bættri nýtingu hráefna á Suðurlandi. Þótt því sé lokið er það í sífelldri þróun.

Endurheimt votlendis á Íslandi

EFLA tók þátt í rannsókn á losun hláturgass frá framræstum mýrum á Íslandi í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ). Verkefnið byggðist á fjögurra ára mælingum á framræstum og óframræstum mýrum í Borgarfirði til að meta áhrif framræslu á losun hláturgass. EFLA veitti aðstoð við gagnaúrvinnslu og greinarskrif, en rannsóknin var að hluta til styrkt af LOGS. Verkefninu er nú lokið og niðurstöður gefa mikilvægar vísbendingar um endurheimt votlendis og loftslagsaðgerðir.

Kolefnisspor íslenskra matvæla (KÍM)

EFLA vinnur að útreikningi á kolefnisspori íslenskra matvæla með aðferðafræði vistferilsgreiningar (LCA) í samstarfi við Matís og Háskóla Íslands. Markmiðið er að meta umhverfisáhrif helstu matvæla á landsvísu og skapa þannig gögn fyrir markvissari aðgerðir í loftslagsmálum. Fyrsta áfanga, sem nær til lambakjöts, nautakjöts, mjólkur og kartaflna, lýkur í apríl 2025. Unnið er að seinni áfanga um sjávarafurðir og sótt hefur verið um framhaldsstyrk fyrir fleiri matvörur.

Snjallforrit fyrir rafræna skráningu við jarðvegsrannsóknir

EFLA hefur þróað HAMAR, snjallforrit sem rafvæðir tímatöku og upplýsingaöflun við borholur og jarðvegsrannsóknir. Markmiðið er að lágmarka tvíverknað og draga úr líkum á mannlegum mistökum með sjálfvirkri gagnaöflun. Forritið keyrir í síma og spjaldtölvum og veitir notendum einfalt og skilvirkt viðmót til að skrá gögn í rauntíma. EFLA sá um forritun og er verkefnið í stöðugri þróun til að mæta þörfum notenda.

Betri yfirsýn í jarðvegsrannsóknum

EFLA vinnur að þróun þverprófíla fyrir LN, sem veita sjónrænt mat á jarðvegsrannsóknum og auðvelda bæði hönnun og framkvæmd verkefna. Verkefnið byggir á forritun í VBA, sem gerir kleift að vinna gögn á skilvirkan og nákvæman hátt. Þróunin er enn í gangi og mun styðja við markvissari ákvarðanatöku í jarðtæknirannsóknum.

Vetnisveita á höfuðborgarsvæðinu

EFLA vann að rannsókn á hagkvæmni þess að koma upp sameiginlegri vetnisgasveitu til að styðja við orkuskipti á Íslandi. Verkefnið fól í sér fræðilega rannsókn á vetnisgasveitum, fýsileikagreiningu og frumkostnaðarmat á slíku veitukerfi. Markmiðið var að meta hvort slík lausn gæti stuðlað að hagkvæmari framleiðslu, flutningi og notkun vetnis. Verkefninu er nú lokið og niðurstöðurnar veita mikilvæga innsýn í möguleika vetnis sem orkugjafa í framtíðinni.



Áburðarefni úr úrgangi laxeldis

EFLA vann að rannsókn á nýtingu laxeldisúrgangs til áburðarframleiðslu á höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi. Markmiðið var að skapa sjálfbæra lausn fyrir meðhöndlun, flutning og geymslu úrgangs frá fiskeldi á landi. Tilraunir voru framkvæmdar þar sem jarðefnum, eins og leir og vikur, var blandað við seyruna til að búa til áburðarstrimla með betri eiginleika fyrir landbúnað. EFLA sá um sýnatökur, rannsóknir og greiningar í verkefninu, sem var unnið í samstarfi við Uppbyggingarsjóð sveitarfélaga á Suðurlandi og First Water. Verkefninu er nú lokið. Það styður við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra matvælaframleiðslu og minni sóun hráefna með áherslu á hringrásarhugsun.

Öruggt aðgangsstýrt viðmót fyrir landfræðileg gögn

EFLA hefur þróað öflugt viðmót, port.eflamap.is, og tól fyrir aðgangsstýringu landfræðilegra gagna í Gagnalandi. Kerfið tryggir örugga og skilvirka stjórnun gagna með notendavænni hönnun og öflugri forritun. EFLA sá um forritun og hönnun verkefnisins, sem er nú fullklárað. Með þessu stóraukast möguleikar á öruggri gagnanotkun, sem stuðlar að betra upplýsingaöryggi og sjálfbærri nýtingu gagna



Öflug kortavefsjá í sífelldri þróun

EFLA hefur þróað öfluga kortavefsjá, kort.eflamap.is, sem sameinar aðgangsstýrð gögn og opinber gögn í notendavænu vinnutóli. Vefsjáin nýtist til ákvarðanatöku, upplýsingaflæðis og með beiðnakerfum, með gagnauppfærslum sem birtast í rauntíma. Verkefnið byggir á Gagnalandi, þar sem gögn eru unnin, hönnuð og birt með virkniforritun. EFLA hefur séð um forritun, hönnun og gagnavinnslu í verkefninu, sem er í sífelldri þróun. Kortavefsjáin stuðlar að sjálfbærni, nýsköpun og endurnýtingu gagna og fellur undir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.



Samfélagsleg ábyrgð

Global Compact-sáttmáli Sameinuðu þjóðanna

EFLA skrifaði undir Global Compact-sáttmála Sameinuðu þjóðanna árið 2015 og skuldbatt sig þannig til að fylgja þeim tíu grundvallarviðmiðum sáttmálans um samfélagslega ábyrgð sem snúa að mannréttindum, vinnumarkaði, umhverfi og baráttu gegn spillingu. Þessi ársskýrsla inniheldur upplýsingar um árangur fyrirtækisins í samræmi við viðmið Global Compact. Áhersla fyrirtækisins á samfélagslega ábyrgð hefur vaxið jafnt og þétt og er rauður þráður í stefnumiðum fyrirtækisins, sem og áherslu-þáttur í þeirri ráðgjöf sem fyrirtækið veitir út á við.

Festa, miðstöð um sjálfbærni

EFLA er aðili að Festu, miðstöð um sjálfbærni, og skrifaði undir sameiginlega yfirlýsingu íslenskra fyrirtækja og stofnana um markmið í loftslagsmálum í nóvember 2015. EFLA skuldbindur sig til að taka þátt í hvatningu um ábyrgð í umhverfismálum heimsins og fylgir loftslagsstefnu sem hefur það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og minnka myndun úrgangs.

Nordic Built og Grænni byggð

EFLA var fyrsta verkfræðistofan á Íslandi sem skrifaði undir sáttmála Nordic Built. Sáttmálinn hvetur til þróunar á samkeppnishæfum lausnum í vistvænni mannvirkjagerð. Markmið Nordic Built er að fá byggingariðnaðinn til að sameinast um að nýta sérþekkingu sína til að mæta aukinni eftirspurn eftir vistvænni mannvirkjagerð í heiminum og vera leiðandi í nýsköpun, grænum hagvexti og velferð. EFLA er einnig stofnaðili og þátttakandi í stjórn sem og virkur félagi í félagasamtökum Grænni byggðar, sem er vettvangur um sjálfbæra þróun byggðar með það að markmiði að lágmarka umhverfisáhrif frá mannvirkjagerð, rekstri og niðurrifi.





Samfélagssjóður veittur á Lynghálsi 2023

Votlendissjóður

EFLA er einn af stofnaðilum Votlendissjóðs og er þátttakandi í stjórn sjóðsins. EFLA hefur meðal annars tekið þátt í að móta aðferðafræðina við mat á árangri endurheimtar votlendis og útfærslu vöktunar.

Háskólasamfélagið

EFLA leggur mikið upp úr góðum tengslum við háskólasamfélagið, bæði með því að leggja til starfsfólk til að sinna hlutverki leiðbeinenda í loka-verkefnum og því að sinna stundakennslu í háskólunum. EFLA hefur gert samstarfssamning við háskólana og tekur við nemendum í starfs-þjálfun til að sinna ákveðnum verkefnum. Árlega sækir EFLA um styrki í Nýsköpunarsjóð námsmanna og á síðasta ári hlutu fjögur verkefni brautargengi úr sjóðnum. EFLA leggur áherslu á að laða að efnilega háskólanema og mögulegt framtíðarstarfsfólk til starfa og síðasta sumar voru 35 háskólanemar ráðnir til fyrirtækisins.

Samfélagssjóður

Samfélagssjóður EFLU veitir styrki til uppbyggjandi og jákvæðra verk-efna sem nýtast samfélaginu. Umsóknir eru metnar út frá markmiðum sjóðsins, markmiðum EFLU og áherslum valnefndarinnar hverju sinni.

Samfélagsleg ábyrgð



Mannréttindi

EFLA fylgir stefnu um sanngjarna samkeppni. Þar kemur fram að EFLA styður og virðir mannréttindi í samræmi við mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. EFLA lítur svo á að mannréttindi snerti alla og tekur ekki þátt í mannréttindabrotum annarra enda er sérhver manneskja borin frjáls og jöfn öðrum að virðingu og réttindum, líkt og fram kemur í yfirlýsingunni. Í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna er einnig að finna ákvæði um helstu mannréttindi, svo sem réttinn til lífs, frelsis og mannhelgi, bann við pyntingum, þrælahaldi og mismunun, réttinn til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og rétt til menntunar og heilbrigðis. EFLA heldur þessi gildi í heiðri og þannig virðir fyrirtækið réttindi og reisn starfsfólks og viðskiptavina sem og samfélagsins alls.

Gegn spillingu

Í öllu starfi EFLU er leitast við að koma ávallt fram af sanngirni og heilindum, hvort sem er í samskiptum við viðskiptavini, starfsfólk eða aðra þá sem fyrirtækið hefur samskipti við. Þannig eru mútur eða spilling af einhverju tagi ekki liðin, hvorki beint né óbeint, í samræmi við stefnu EFLU um mútur og spillingu. Þá er starfsfólki með öllu óheimilt að bjóða, lofa, gefa, falast eftir, krefjast eða þiggja, hvort sem er með beinum eða óbeinum hætti, neitt sem talist getur til óeðlilegra hagsbóta fyrir þá sjálfa eða EFLU. Öllu starfsfólki er gert að gæta þess að athafnir þeirra og hagsmunir rekist ekki á við ábyrgð þeirra hjá EFLU. Einnig er mikilvægt að starfsfólk reyni eftir fremsta megni að forðast aðstæður sem hægt væri að túlka sem hagsmunaárekstur.

Trúnaðarupplýsingar

Starfsfólk EFLU leggur sig fram við að meðhöndla trúnaðarupplýsingar af virðingu og varkárni í samræmi við persónuverndarstefnu fyrirtækisins. EFLA stundar fagleg vinnubrögð í samskiptum við viðskiptavini og samstarfsaðila ásamt því að fylgja gæðastöðlum fyrirtækisins í öruggri vistun og meðhöndlun trúnaðargagna. Starfsfólki ber einnig að sýna viðeigandi aðgát þegar það ræðir trúnaðarmál við samstarfsfólk, samstarfsaðila og viðskiptavini.

Samstarf við birgja og þjónustuaðila

Í samstarfi við birgja og þjónustuaðila leitast EFLA við að ná gagnkvæmum ávinningi en jafnframt að lágmarka áhættu. Slíkt samstarf er áhættugreint og þeir aðilar sem geta haft veruleg bein áhrif á þjónustu EFLU, orðspor og möguleika á að ná settum markmiðum eru rýndir sérstaklega. Samningar eru gerðir um samstarfið og árangur metinn reglulega.

Regluverk

Starfsfólk EFLU er skuldbundið til að fara eftir lögum og reglugerðum á viðeigandi viðskiptasvæðum fyrirtækisins. Starfsfólk skal þekkja viðeigandi lög og ætlast er til þess að allir samstarfsaðilar starfi einnig samkvæmt lagalegum kröfum og stöðlum um ábyrga og heilbrigða viðskiptahætti. Starfsfólk EFLU skal fara að gildandi samkeppnislögum í hverju landi þar sem fyrirtækið er í viðskiptum.

Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (Taxonomy)

Flokkunarreglugerð ESB tók gildi á Íslandi 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Tilgangur reglugerðarinnar er að skilgreina hvaða atvinnustarfsemi telst vera umhverfislega sjálfbær út frá tæknilegum matsviðmiðum sem koma fram í framseldri reglugerð ESB 2021/2139 og á að stuðla að gagnsæi í sjálfbærniupplýsingagjöf. Til þess að fyrirtæki geti talist umhverfislega sjálfbær í skilningi reglugerðarinnar þurfa þau að uppfylla viðmið fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi skv. 3. gr. reglugerðarinnar. Í fyrsta lagi þarf atvinnustarfsemin að stuðla verulega að einu eða fleiri umhverfismarkmiðum og á sama tíma má hún ekki skaða önnur markmið. Hún þarf að vera stunduð í samræmi við lágmarksverndarráðstafanir og að lokum að hlíta tæknilegum matsviðmiðum.

Umhverfismarkmiðin eru sex:

1. Mildun loftslagsbreytinga
2. Aðlögun að loftslagsbreytingum
3. Sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda
4. Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi
5. Mengunarvarnir og eftirlit með mengun
6. Vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa

Tæknileg matsviðmið fyrir mildun og aðlögun loftslagsbreytinga hafa verið innleidd með framseldri reglugerð ESB 2021/2139 og atvinnustarfsemi sem þar er tiltekin fellur undir upplýsingaskyldu á Íslandi. Framseld reglugerð ESB 2023/2486 um önnur umhverfismarkmið og framseld reglugerð ESB 2023/2485 um uppfærslu á loftslagsmarkmiðum tóku gildi á Íslandi 1. janúar 2025. Þau viðmið eiga því ekki við um rekstrarárið 2024.

Til þess að starfsemi teljist samræmd, og þar með að hún uppfylli skilyrði flokkunarreglugerðarinnar um að vera umhverfislega sjálfbær, þarf hún annars vegar að fela í sér verulegt framlag (e. Substantial contribution) og hins vegar að valda ekki umtalsverðu tjóni (e. do no significant harm), auk þess að uppfylla lágmarksverndarráðstafanir. Kröfurnar eru ítarlegar og ljóst að ef fyrirtæki vilja lýsa því yfir með góðri samvisku að markmiðin séu uppfyllt, og þannig að slíkt standist skoðun, þarf mikil grunnvinna að hafa átt sér stað.

Verulegt framlag til umhverfismarkmiða felur í sér að starfsemin uppfyllir ákveðin sértæk tæknileg viðmið sem eiga við um allavega eitt umhverfismarkmið. Um leið má starfsemin ekki valda umtalsverðu tjóni á öðrum umhverfismarkmiðum.

Gerð er krafa um að fyrirtæki birti hlutfall veltu, fjárfestingagjalda og rekstrargjalda fyrir nýliðið rekstrartímabil á hæfri starfsemi, þ.e. starfsemi sem fellur undir flokkunarreglugerðina. Auk þess skal fyrirtækið birta sömu lykilmælikvarða fyrir starfsemi sem uppfyllir öll viðmið reglugerðarinnar og telst vera samræmd starfsemi eða umhverfislega sjálfbær starfsemi.







EFLA hf. sem stór samstæða í skilningi ársreikningalaga fellur undir flokkunarreglugerðina. Kjarnastarfsemi EFLU fellur undir M71.12.1, starfsemi verkfræðinga, skv. ÍSAT 2008 atvinnugreinaflokkun. Árið 2024 var unnið að því að innleiða verkferla innan fyrirtækisins til að uppfylla lágmarksráðstafanir flokkunarreglugerðarinnar, sem fylgja viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, leiðbeinandi meginreglum Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi auk átta grundvallarsamþykkta í yfirlýsingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO). Vettvangur um sjálfbær fjármál hefur skilgreint kjarnaviðfangsefni út frá þessum kröfum: mannréttindi, spilling og mútur, skattlagning og sanngjörn samkeppni. Nú þegar hafa mörg af þessum viðmiðum verið innleidd í íslensk lög. EFLA styður og virðir mannréttindi í samræmi við mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna auk þess að viðhafa sanngjarna viðskiptahætti í allri starfsemi fyrirtækisins og aðfangakeðjum. EFLA starfar m.a. samkvæmt skattastefnu, stefnu um mútur og spillingu, stefnu um sanngjarna samkeppni, mannauðsstefnu og jafnréttis- og jafnlaunastefnu.

EFLA er þekkingarfyrirtæki, sem veitir fjölbreytta þjónustu á öllum helstu sviðum verkfræði, tækni og tengdra greina. Starfsfólk EFLU vinnur árlega að mörg þúsund verkefnum og því mjög mikil grunnvinna sem þarf að fara fram til að ákvarða þau verkefni sem annars vegar falla undir flokkunarreglugerðina og hins vegar verkefni sem teljast samræmast viðkomandi tækniviðmiðum. EFLA er að hefja vegferð við innleiðingu flokkunarreglugerðarinnar og birtir hér í fyrsta skipti upplýsingar um hlutfall veltu, fjárfestinga og rekstrargjalda fyrir þá starfsemi samstæðunnar sem flokkunarkerfið nær yfir, auk hlutfalls umhverfissjálfbærrar starfsemi, fyrir rekstrarárið 2024. Mjög takmarkaður hluti starfseminnar fellur undir núverandi flokkunarreglugerð sem er í stöðugri þróun. Ákveðið var að greina verkefni EFLU sem unnin voru árið 2024, með veltu hærri en 5 milljónir, m.t.t. þess hvort þau falli undir flokkunarreglugerðina. Niðurstaðan er sú að um 2,9 % af veltu ársins 2024, í verkefnum með veltu meira en 5 milljónir, fellur undir flokkunarreglugerðina. Engin rekstrar- né fjárfestingargjöld EFLU árið 2024 falla undir flokkunarreglugerðina. Að þessu sinni var ekki lagt mat á hvort verkefnin samræmist tækniviðmiðum flokkunarreglugerðarinnar, þ.e. að verkefnin teljist umhverfissjálfbær skv. viðmiðum flokkunarreglugerðarinnar.

Hér á eftir er lýsing á þeim flokkum reglugerðarinnar sem verkefni EFLU árið 2024, með veltu yfir 5 milljónir, falla undir.

Verkefni sem hafa verulegt framlag til mildunar loftslagsbreytinga:

4.5 Raforkuframleiðsla úr vatnsorku

Hér er um að ræða verkefni er tengjast hönnun á byggingum sem tengjast raforkuframleiðslu. Dæmi um slíkt verkefni hjá EFLU er Gilsárvirkjun á Héraði, þar sem EFLA sér um hönnun á stöðvarhúsi, stíflu og fleira.

4.25 Framleiðsla á varma/kælingu úr glatvarma

Hér er um að ræða verkefni sem tengjast nýtingu á glatvarma til orkunotkunar. Dæmi um slíkt verkefni hjá EFLU er nýting glatvarma frá TDK sem hitagjafa hjá Norðurorku. Hlutverk EFLU var að hanna lagnir og tengingar við stofnlagnir Norðurorku og kælikerfi TDK, auk þess að aðstoða við innanhússhönnun TDK (varmaskipti, dælur og lagnir).

5.2. Endurnýjun vatnsöflunar-, vatnshreinsi- og vatnsveitukerfa

Hér er um að ræða verkefni er snerta hönnun vegna endurnýjunar á vatnsöflunar-, vatnshreinsi og vatnsveitukerfum, svo sem dælustöðvar, heitavatnslagnir og dreifilagnir. Dæmi um slíkt verkefni hjá EFLU er endurnýjun á hitaveitu við Kleppsmýrarveg.

5.4 Endurnýjun skólpsöfnunar- og -hreinsunarkerfa

Hér er um að ræða verkefni sem snerta hönnun á endurnýjun á skólpsöfnunar- og hreinsikerfum. Dæmi er endurnýjun á þrepasíum og þvottapressum í hreinsistöð fráveitu við Ánanaust í Reykjavík.

6.13 Grunnvirki fyrir ferlimál einstaklinga, nytjahjólaflutningastjórnun

Hér er um að ræða verkefni er snerta göngu- og hjólastíga fyrir almenning. Dæmi um verkefni er verkhönnun á göngubrú yfir Glerá við Hörgárbraut á Akureyri.

6.15 Grunnvirki sem gera flutninga á vegum og almenningssamgöngur með litla losun kolefna möguleg

Hér er um að ræða verkefni er tengjast vegum og almenningssamgöngum fyrir ökutæki með litla losun kolefna. Dæmi um verkefni hjá EFLU er forhönnun og útboðshönnun á Fossvogsbrúnni, sem er hluti af Borgarlínu.



9.3 Sérfræðiþjónusta tengd orkunýtingu bygginga

Um er að ræða verkefni þar sem áhersla er á að hanna byggingar á þann hátt að orkunýting þeirra er betri en lágmarkskröfur um orkunýtingu sem koma fram í byggingarreglugerð. Dæmi um slíkt eru byggingar sem hannaðar eru og fara í gegnum vottunarferli BREEAM eða Svansins. Grensádeild, endurhæfingadeild LSH, er dæmi um slíkt verkefni.

Verkefni sem hafa verulegt framlag til aðlögunar á loftslagsbreytingum:

9.1 Verkfræðistarfsemi og tengd tæknileg ráðgjöf sem miðast við aðlögun með loftslagsbreytingum

Um er að ræða verkefni sem gera annarri starfsemi kleift að stuðla að aðlögun að loftslagsbreytingum. Dæmi um slík verkefni eru ofanflóðavarnir vegna hættu á snjóflóðum eða skriðuföllum.

Menning EFLU



EFLA hefur á að skipa hæfu, reynslumiklu og áhugasömu starfsfólki sem starfar á fjölbreyttum sviðum. EFLU þykir mikilvægt að veita starfsfólki sínu svigrúm til að þróast í starfi og sýna sjálfstæði og frumkvæði. Þannig er lögð áhersla á samábyrgð allra og markvissa teymisvirkni.

Samfélagsleg ábyrgð og hugarfar nýsköpunar í starfi eru meðal áhersluatriða í menningu EFLU. Allt starfsfólk er mikilvægur hlekkur í starfseminni og framlag hvers og eins skiptir máli fyrir góðan árangur fyrirtækisins.

Störf óháð staðsetningu

EFLA býður upp á störf óháð staðsetningu og hefur starfsfólki sem velur að starfa í heimabyggð fjölgað. Þetta starfsfólk sinnir því sínu starfi utan hefðbundinna starfsstöðva félagsins eða fjarri sínum fagteymum og nýtir tæknina til að eiga samskipti. Samhliða hafa stjórnendur lagt sig fram um að mæta nýjum áskorunum með nýjum og fjölbreyttum aðferðum í því skyni að styðja sem best við sitt starfsfólk.

Starfsfólk

Í árslok 2024 störfuðu 432 einstaklingar í 367 stöðugildum hjá EFLU hf. en heildarfjöldi starfsfólks hjá félaginu og dótturfélögum var 556 einstaklingar. Þar af voru 6 starfsnemar og 35 nemar í sumarstarfi hjá EFLU. Starfsfólk EFLU býr yfir fjölbreyttri menntun og er menntunarstig


starfsfólks mjög hátt en meira en 90% þess hefur háskólamenntun. Starfsfólk býr yfir yfirgripsmikilli þekkingu á sviði verkfræði, tækni og í ýmsum öðrum greinum. Hjá EFLU er kynjahlutfall þannig að 39% starfsfólks eru konur og 61% starfsfólks eru karlar. Ekkert starfsfólk EFLU er skráð kynhlutlaust. Það er yfirlýst stefna EFLU að auka hlut kvenna og hlutlausra kynja, t.d. í gegnum nýráðningar og fræðslu. Meðalstarfsaldur er rúmlega átta ár og meðallífaldur starfsfólks 42 ár. Aldursbreidd starfsfólks EFLU er mjög mikil eða frá 19 til 75 ára. Hlutfallslega flest starfsfólk er á aldrinum 30 – 39 ára eða um 30% starfsfólks.

Móttaka nýs starfsfólks

Aukin áhersla var lögð á móttöku nýs starfsfólks á árinu enda skiptir vandað móttökuferli mjög miklu máli. Það hvernig tekið er á móti nýju starfsfólki getur haft mikil áhrif á líðan þess og síðar helgun í starfi. Á árinu 2024 hófu rúmlega hundrað starfsmenn störf hjá EFLU hf. Móttökuferlið er skilgreint sem tveggja ára ferli. Kallað er eftir upplifun starfsfólks með reglubundnum könnunum á tímabilinu, auk þess sem öllu nýju starfsfólki stendur til boða að hitta mannauðssérfræðing til að ræða það sem vel er gert sem og það sem betur má fara í nýliðaferlinu. Unnið er að endurskoðun og þróun á nýliðakynningum.

Heilsueflandi vinnustaður

EFLA leggur metnað sinn í að hlúa að heilsu og vellíðan starfsfólks og hefur verið í hópi heilsueflandi vinnustaða á Íslandi frá upphafi verkefnisins árið 2020. Um er að ræða verkefni á vegum Embættis landlæknis, Vinnueftirlitsins og VIRK. Heilsueflandi vinnustaður er sameiginlegt verkefni vinnuveitenda, starfsfólks og samfélagsins og nær til félagslegra, andlegra og líkamlegra þátta sem stuðla að vellíðan einstaklings.



Árlega er lagt mat á stöðu EFLU í samræmi við viðmið Embættis landlæknis og VIRK, auk þess sem kallað er eftir upplifun starfsfólks í árlegri vinnustaðakönnun. Markmið verkefnisins er að skapa umhverfi og aðstæður í vinnuumhverfi starfsfólks sem stuðla að heilsusamlegum lifnaðarháttum, heilsu og vellíðan, svo sem hollu mataræði, hreyfingu, góðu vinnuumhverfi og góðum samskiptum.

Vellíðan

Vellíðan starfsfólks er mikilvæg og mikil áhersla er lögð á góðan starfsanda sem byggir á sálfræðilegu öryggi og góðri teymisvirkni. Þar skiptir miklu máli að traust ríki í teymum þar sem starfsfólk getur sagt hug sinn af einlægni og skipst á hugmyndum og aðferðum á uppbyggilegan máta. Teymisvirkni og samábyrgð ýtir undir samvinnu þar sem starfsfólk leitar hvert til annars og deilir þekkingu sinni og reynslu. Einelti og áreitni eru ekki liðin hjá EFLU og lögð er áhersla á fræðslu og þjálfun um málaflokkinn. Árlega eru framkvæmdar EKKO (einelti, kynferðisleg og kyndbundin áreitni og ofbeldi) kannanir og vellíðunarkannanir, niðurstöður kynntar fyrir starfsfólki og gripið til aðgerða eftir þörfum. Áfram var kapp lagt á að koma sem best til móts við starfsfólk í formi sveigjanleika, heimavinnu, góðs upplýsingaflæðis og fræðslu, svo dæmi séu nefnd. Á árinu var lögð áhersla á að styrkja og viðhalda góðum tengslum við starfsfólk í fæðingarorlofi. Haldnir voru foreldramorgnar fjórum sinnum á árinu, þar sem starfsfólki var boðið að koma með börnin á vinnustaðinn og hitta samstarfsfólk. Boðið var upp á stutt fræðsluerindi, til dæmis um svefn barna, tengsl og hreyfingu í fæðingarorlofi.

Jafnrétti

Jafnréttis- og jafnlaunastefna EFLU byggir á þeirri grundvallarhugsun að allt starfsfólk njóti jafnréttis, óháð kyni, uppruna eða trú. EFLA hlaut jafnlaunavottun samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012 árið 2019 og var vottunin endurnýjuð





á árinu 2024 með gildistíma til ársins 2028. Eitt af markmiðum EFLU er að enginn launamunur sé á milli kynjanna sem og að launamunur mælist aldrei hærri en 1%. Niðurstöður síðustu launagreiningar sýndu að óútskýrður launamunur var um 0,2% körlum í óhag, en árið áður mældist munurinn 0,5% körlum í óhag, sem er í fyrsta skipti sem mælingar sýndu niðurstöður körlum í óhag . Hjá EFLU hefur enginn óskað eftir kynlausri skráningu og því er samanburðurinn einungis á milli tveggja kynja, þ.e. karla og kvenna. EFLA hlaut á árinu viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar fyrir að vera eitt af þeim fyrirtækjum sem hafa undirritað viljayfirlýsingu um jafnt kynjahlutfall í framkvæmdarstjórn félagsins.

Andleg og líkamleg heilsa starfsfólks

EFLA leggur áherslu á að hlúa vel að andlegri og líkamlegri heilsu starfsfólks. EFLA hvetur starfsfólk til heilbrigðra lífsháttа og umhverfisvæns ferðamáta og reynt er að gera starfsfólki þetta mögulegt og aðgengilegt eins og hægt er. Á árinu 2024 fengu um 74% starfsfólks greiddan íþrótta- eða hreyfingarstyrk og um 32% starfsfólks hafði gert samgöngusamning. Árlega eru framkvæmdar heilsufarsmælingar á starfsstöðvum EFLU fyrir þau sem það kjósa, auk þess sem boðið er upp á flensusprautu að hausti. Í höfuðstöðvum EFLU er góð aðstaða fyrir starfsfólk til íþróttaiðkunar, tímar í hreystiþjálfun og annars konar líkamsrækt hafa verið í boði og aðstaða fyrir heilsunuddara. Hvíldarherbergi er til staðar á flestum starfsstöðum, þar sem starfsfólk getur kúplað sig út úr verkefnum dagsins með stuttri hvíld, nýtt sér nuddtæki og slakað á. EFLA hefur hlotið gullvottun sem hjólavænn vinnustaður.



Vottunin hvetur vinnustaði til að bæta aðbúnað hjólreiðafólks, bæði fyrir viðskiptavini og starfsfólk, og hvetja þannig fleiri til að velja umhverfisvæna og heilbrigða ferðamáta í daglegu lífi. Lögð er áhersla á að gera starfsfólki kleift að hlúa að andlegri heilsu og starfsfólki veitt aðstoð ef það óskar eftir henni.

Hollur og næringarríkur matur

Framúrskarandi mötuneyti er rekið í höfuðstöðvum EFLU. Þar getur starfsfólk, gegn vægu gjaldi, fengið góðan og næringarríkan hádegisverð, auk þess sem starfsfólki er daglega boðið upp á ferska ávexti, mjólkurvörur, hrökkbrauð, álegg, hnetur og fleira án endurgjalds. Lögð er áhersla á að merkja vel ofnæmisvalda og grænkeravalmöguleika í mat sem borinn er fram í mötuneytinu. Þar hefur starfsfólk auk þess aðgang að þjónustuvef sem sýnir kolefnisspor allra máltíða ásamt næringarefnainnihaldi hverrar máltíðar. Þannig geta matreiðslumeistarar EFLU alltaf stillt máltíðir af m.t.t. næringar og upplýst starfsfólk. Leitast er við að bjóða upp á holla valkosti í hádegisverð á starfsstöðvum á landsbyggðinni þar sem ekki eru rekin mötuneyti.

Helgun starfsfólks og starfsandi

EFLA framkvæmir reglulega vinnustaðakannanir í samstarfi við Gallup. Í könnununum er meðal annars helgun starfsfólks mæld sem og starfsánægja, auk ýmissa annarra atriða sem snúa að líðan og upplifun starfsfólks í vinnuumhverfi sínu. Mæling á helgun starfsfólks byggir á tólf lykilþáttum sem tengjast bæði líðan starfsfólks og rekstrarlegum þáttum. Niðurstöður mælinga á helgun starfsfólks hjá EFLU árið 2024 var 4,16, sem er svipað og árið á undan. Starfsánægja hjá EFLU mælist frekar há og var svipuð árið 2024 og fyrra ár, eða 4,39 af 5 mögulegum. Snerpusamtöl eru framkvæmd þrisvar á ári þar sem starfsfólki gefst kostur á samtali við næsta yfirmann um líðan í starfi, starfsþróun eða annað sem brennur á hverju sinni.

Jafnvægi á milli vinnu og einkalífs

EFLA leggur áherslu á að bjóða starfsfólki sínu upp á sveigjanlegan vinnutíma til að mæta ólíkum þörfum þess. Lögð er áhersla á að starfsfólk nái að halda góðu jafnvægi milli vinnu og einkalífs og er ávallt reynt að koma til móts við þarfir starfsfólks vegna aðstæðna sem geta skapast í einkalífi þeirra. Í vinnustaðakönnun 2024 metur starfsfólk sveigjanleika á vinnustaðnum og benda niðurstöður til þess að mikill meirihluti þess sé ánægt með þann sveigjanleika sem það hefur í starfi.

Starfsmannafélagið Öflungur

Öflungur er starfsmannafélag EFLU á Íslandi og óhætt er að segja að félagsstarf starfsfólks sé afar fjölbreytt. Lögð er áhersla á að viðburðir mæti ólíkum þörfum starfsfólks og að þeir séu fjölskylduvænir. Hlutverk Öflungs er m.a. að vinna að íþrótta-, félags- og menningarmálum starfsfólks og efla samstarf og samvinnu þess. Allt starfsfólk hefur val um hvort það vilji vera í starfsmannafélaginu og er nánast allt starfsfólk EFLU félagar. Mikil gróska var í starfi Öflungs á árinu og boðið var upp á fjölbreytta viðburði og dagskrá fyrir starfsfólk.

Viðburðir fyrir starfsfólk:

- Embla, samfélagsdagur EFLU.
- Árshátíð
- Aðventukvöld
- Reglulegir viðburðir þar sem leitast er eftir að styðja við stefnu félagsins, til dæmis með því að styrkja tengsl, auka vellíðan og samfélagslega ábyrgð.



Öryggi og áhættumat

Öryggi starfsfólks er haft í fyrirrúmi hjá EFLU og leitast fyrirtækið við að skapa starfsfólki sínu öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi. Haft er víðtækt samstarf við starfsfólk um hættur, áhættumat, forvarnir og fræðslu. Lögð er áhersla á opin samskipti um vinnuvernd og kallað er eftir ábendingum og tillögum að umbótum. Þá er starfsfólk ávallt hvatt til að gæta að öryggi sínu og annars starfsfólks. Áhættumat og vinnulýsingar hafa verið gerðar fyrir öll helstu störf hjá EFLU, bæði innan skrifstofunnar og vegna vinnu á mismunandi verkstöðum. Allur nauðsynlegur öryggisbúnaður er til staðar fyrir starfsfólk og er hann CE-merktur. Til að auka öryggisvitund og draga úr áhættu er starfsfólki gert að skima fyrir hættum þegar farið er á verkstað, með því að nota snjallforrit sem inniheldur stuttan lista yfir helstu öryggisatriði og viðbúnað.

Öryggisnefndir

Öryggisnefndir eru starfandi á öllum starfsstöðvum EFLU. Í öryggisnefndum sitja annars vegar öryggistrúnaðarmenn sem kosnir eru af starfsfólki og hins vegar öryggisverðir sem valdir eru af EFLU. Helsta hlutverk öryggisnefnda er að vinna að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi í allri starfsemi fyrirtækisins og fylgjast með því að ráðstafanir á þessu sviði séu gerðar og skili tilætluðum árangri. Þær sjá jafnframt um vöktun á öryggisbúnaði, öryggiskerfum á starfsstöðvum og brunaöryggi. Nefndirnar eru mjög virkar og taka þær þátt í öllum helstu ákvörðunum um öryggismál EFLU.

Persónuvernd

EFLU er umhugað um öryggi persónugreinanlegra upplýsinga viðskiptavina og starfsfólks síns og einsetur sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi þeirra gagna sem unnið er með innan fyrirtækisins. EFLA vinnur samkvæmt núgildandi persónuverndarlöggjöf og persónuverndarstefnu.

Þjónustuaðilar í vinnuvernd

EFLA er viðurkenndur þjónustuaðili af hálfu Vinnueftirlitsins og er í samstarfi við Heilsuvernd um veitingu heildstæðrar þjónustu á sviði vinnuverndar. Öllum gildandi lögum og reglum er fylgt í starfsemi EFLU, svo sem lögum um vinnuvernd og almennri löggjöf um vinnumarkaðsmál. Langstærsti hluti starfsfólks EFLU hefur kosið að vera í stéttarfélögum. EFLA lýsir því yfir að fyrirtækið standi alfarið gegn allri nauðungar- og þrælkunarvinnu sem og barnaþrælkun.

Árangur í umhverfismálum á Íslandi



EFLA starfar samkvæmt gæða-, umhverfis- og vinnuverndarstefnu og hefur sett sér markmið um að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum starfseminnar með stöðugum úrbótum, ásamt því að tryggja öruggt og heilnæmt vinnuumhverfi fyrir starfsfólk. Umhverfisstjórnun EFLU nær til allrar starfsemi fyrirtækisins á Íslandi og í Noregi, hvort heldur er varðar almennan rekstur á skrifstofum, á rannsóknarstofum eða í ráðgjafarþjónustu. EFLA setti sér loftslagsmarkmið árið 2015 miðað við ákveðna þætti í sinni starfsemi. Niðurstöður ársins eru bornar saman við árin 2015 þegar það á við og árið 2024. Í þessum kafla er eingöngu fjallað um umhverfisárangur EFLU út frá starfsemi félagsins á Íslandi.


Hér verður fjallað um mikilvæga umhverfisþætti í rekstri EFLU á Íslandi. Við framsetningu á kolefnisspori er leiðbeiningum úr Greenhouse Gas Protocol fylgt. Tekið er tillit til beinnar losunar (umfang 1) og óbeinnar losunar gróðurhúsalofttegunda (umfang 2 og 3) í starfseminni.

Umhverfismarkmið í rekstri		Árangur 2024	
1	**29%** Lækkun kolefnisspors EFLU ánbindingar á hvert stöðugildi miðað við árið 2015.		**60%** Lækkun kolefnisspors EFLU án bindingar miðað við árið 2015.
2	**ÖII** Losun gróðurhúsalofttegunda-kolefnisjöfnuð fyrir árið 2030		**211** tonn $C0_2$-ígilda kolefnisjöfnuð í samstarfi við Kolvið, sem býður upp á vottaðar kolefniseiningar í skógrækt.
3	**25%** Lækkun heildarmagns úrgangs í höfuðstöðvum á hvert stöðugildi (fyrir utan steinefni) miðað við árið 2019 og verði undir 109 kg/ stöðugildi.		**40%** Lækkun heildarmagns úrgangs miðað við árið 2019. Heildarmagn úrgangs í höfuðstöðvum var 75 kg á hvert stöðugildi.
	10% Minnkun lífræns úrgangs í höfuðstöðvum á hvert stöðugildi miðað við árið 2019 og verði undir 42 kg/stöðugildi.		**16%** Minnkun lífræns úrgangs í höfuðstöðvum á hvert stöðugildi miðað við árið 2019 og varð undir 39,5 kg/stöðugildi.

Orkunotkun

Raforkunotkun á hvern fermetra húsnæðis í starfsemi EFLU var mjög svipuð á milli áranna 2023 og 2024 þ.e. 75 kwst/m2 árið 2023 og 76 kwst/m2 árið 2024. 73% af raforkunotkun EFLU tengist starfsemi höfuðstöðva fyrirtækisins að Lynghálsi 4. Þar er til staðar sjálfvirk stýring á ljósum (hreyfiskynjarar) í öllum helstu rýmum, s.s. í skrifstofurýmum og á salernum. Orkunotkun á starfsstöð EFLU á Akureyri jókst um 15% á milli ára sem tengist uppsetningu og notkun rafhleðslustöðva við húsnæðið. EFLA hefur keypt upprunaábyrgðir vegna orkunotkunar sinnar og því er uppgefið kolefnisspor vegna raforkunotkunar miðað við staðbundna nálgun (e. local based). Með upprunaábyrgð sýnir EFLA fram á að raforkan sem fyrirtækið notar kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum.


Raforka



Tölur hafa verið uppfærðar í samræmi við nýjan fermetrafjölda. Sameign á Akureyri hefur einnig verið tekin með í útreikninga og gögn leiðrétt afturvirkt fyrir fyrri ár.

Notkun á heitu vatni var svipuð milli áranna 2023 og 2024, eða um 0,9 m³/m³. Aðalnotkun EFLU á heitu vatni tengist upphitun og snjóbræðslu.

Vatnsorka





Úrgangur


EFLA leggur áherslu á að flokka til endurvinnslu allan úrgang sem verður til í starfseminni. Úrgangur sem fer til endurvinnslu er t.d. pappír, pappi, plast, steinefni og málmar. Lífrænn úrgangur er flokkaður sérstaklega og fer hann allur til GAJU sem er gas- og jarðgerðarstöð Sorpu. Almennur úrgangur frá starfsemi EFLU fer annars vegar í urðun og hins vegar í brennslu erlendis, þar sem hann er nýttur sem hráefni til orkuvinnslu. Heildarmagn úrgangs í allri starfsemi EFLU var um 39 tonn árið 2024, þar af fór um 98,5% í endurvinnslu og 1,5% í urðun. Um 80% af öllum úrgangi sem kemur frá starfsemi EFLU á uppruna sinn í höfuðstöðvum EFLU. Nánari umfjöllun um úrgang frá höfuðstöðvum EFLU fer fram hér á eftir.

Heildarmagn úrgangs í höfuðstöðvum EFLU var tæplega 32 tonn árið 2024, þar sem um 0,5 tonn fór í urðun. Magn úrgangs á hvert stöðugildi í höfuðstöðvum EFLU var 75 kg/stöðugildi sem er 4% lægra en var árið 2023 og lægra en markmið ársins (109 kg/stöðugildi). Magn úrgangs á hvert stöðugildi í höfuðstöðvum hefur lækkaði um 40% miðað við árið 2019, þegar starfsemin var á fullu fyrir covid. Hér er ekki tekið tillit til magns steinefna í verkefnum EFLU sem voru tæplega 11 tonn árið 2024.

Eitt af umhverfismarkmiðum EFLU var að minnka magn lífræns úrgangs um 2% á ári frá árinu 2019. Þetta markmið náðist þar sem magn lífræns úrgangs lækkaði um 2% á milli ára, úr rúmlega 40 kg/stöðugildi árið 2023 í 39,5 kg/stöðugildi árið 2024 og hefur magnið lækkað um 16% á hvert stöðugildi miðað við árið 2019. Stöðug áhersla er á að minnka matarsóun og nýta hráefni vel í mötuneyti EFLU. Matur sem ekki nýtist hjá EFLU er gefinn til hjálparsamtaka svo sem Samhjálpar í Reykjavík. Virk vöktun er í gangi og upplýsingamiðlun um nýtingu hráefna og magn lífræns úrgangs, bæði við vinnslu máltíða og af diskum starfsfólks. Þessar aðgerðir verða áfram til staðar til að auka vitund viðskiptavina mötuneytisins og vinna að settum markmiðum á komandi árum.

Mjög mikilvægt er að viðhalda stöðugri fræðslu, bæði til starfsfólks og þeirra aðila sem sjá um að koma úrgangi í réttan farveg frá fyrirtækinu, svo sem þrifaaðila og flutningsaðila á vegum EFLU.

Magn úrgangs frá höfuðstöðvum (án steinefna)



Lífrænn úrgangur frá höfuðstöðvum



Akstur og flug

Akstur og flug tengist starfsemi EFLU. Fjarvinna og fjarfundir eru algengir og er akstur starfsfólks á vegum fyrirtækisins minni nú en fyrir tíma heimsfaraldurs. Losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) vegna aksturs starfsfólks er skipt í tvennt. Annars vegar bein losun frá akstri bifreiða í starfsemi EFLU (bílar í eigu EFLU og bílar í rekstrarleigu) og hins vegar óbein losun sem tengist akstri starfsfólks á vegum EFLU á eigin bílum eða tilfallandi bílaleigubílum (bæði til og frá vinnu eða vegna vinnuferða).

EFLA starfar samkvæmt eigin samgöngustefnu og samgönguáætlun og vill þannig stuðla að minni mengun, heilbrigðari lífsháttum og bættri borgarmynd. EFLA hvetur starfsfólk að ferðast til og frá vinnu með vistvænum fararmátum og veitir aðstoð til þess með ýmsum hætti. Til að mynda getur starfsfólk fengið samgöngustyrk gegn því að 40% eða 80% ferða til og frá vinnu séu farnar gangandi, hjólandi eða með almenningssamgöngum. EFLA býður starfsfólki að nýta sér að kostnaðarlausu rafskútur Hopp, milli klukkan 7 og 18 á virkum dögum, svo mögulegt er að nota þær sömuleiðis í vinnutengdar ferðir. Þá á EFLA tvö rafhjól sem starfsfólk getur notað í sama tilgangi. Að auki býður EFLA upp á fjórar ferðir með Strætó á mánuði.

Bein losun – bifreiðar í rekstri EFLU

Starfsfólk EFLU hefur aðgang að um 36 bifreiðum á vinnutíma, þar af eru 44% rafmagnsbílar eða 16 bifreiðar af bílaflotanum og fjölgaði um 7 rafmagnsbíla á milli ára. Notkun eldsneytis (bensín og dísel) á bílum í rekstri EFLU var árið 2024 um 14,9 þúsund lítrar miðað við 13,6 þúsund lítra árið 2023. Þessi notkun samvarar beinni losun á um 38 tonnum CO_2-ígilda á árinu eða um 0,10 tonn CO_2-ígildi á hvert stöðugildi, sem er um 3% hækkun frá því árinu á undan. Notkun bifreiða tengist umfangi verkefna EFLU hverju sinni.

Óbein losun – tilfallandi notkun bílaleigubifreiða á vegum EFLU

Í ákveðnum tilfellum nýtir starfsfólk EFLU bílaleigubifreiðar þar sem verkefni EFLU eru dreifð um allt land. Út frá kílómetrastöðu bifreiðanna og losunarstuðlum samsvarar þessi notkun losun á um 4,6 tonnum af CO_2-ígildum á árinu 2024 eða 0,013 tonnum CO_2 -ígilda miðað við hvert stöðugildi. Það er lækkun á losun á hvert stöðugildi um 28% á milli ára.

Óbein losun – bifreiðar starfsfólks notaðar í vinnu á vegum EFLU

Starfsfólk nýtir eigin bifreiðar að einhverju leyti í ferðir á fundi og á verkstaði. Miðað við samsetningu bílaflota starfsfólks og eyðslu, er áætluð losun GHL um 46 tonn fyrir árið 2024 eða 0,13 tonn CO_2-ígilda á hvert stöðugildi. Það er lítilsháttar aukning í losun miðað við árið 2023. Samkvæmt ferðavenjukönnun EFLU frá árinu 2024 ekur 25% starfsfólks á rafmagnsbílum og 10% á tvinnbílum (hybrid) og fer vistvænum bílum fjölgandi jafnt og þétt. Frá árinu 2018 hefur hlutfall rafmagnsbíla aukist úr 7% í 25%.




Óbein losun – akstur starfsfólks til og frá vinnu

Samkvæmt reglubundinni ferðavenjukönnun ók starfsfólk EFLU að meðaltali um 17 km á dag til og frá vinnu árið 2024. 37% starfsfólks ekur á vistvænum bílum, þ.e. tvinn-, metan eða rafmagnsbílum. 6% starfsfólks fór gangandi eða hlaupandi til og frá vinnu og 13% ferðuðust á hjóli. Lagt hefur verið mat á losun GHL vegna aksturs starfsfólks til og frá vinnu og var losunin 123 tonn CO_2-ígilda árið 2024 eða 0,34 tonn CO_2-ígilda /stöðugildi miðað við 125 tonn CO_2-ígilda og 0,36 tonn CO_2-ígilda/stöðugildi áætluð fyrir árið 2023. Hér er um 8% lækkun á losun miðað við hvert stöðugildi á milli áranna 2023 og 2024.

Óbein losun – flugferðir starfsfólks

Milli áranna 2023 og 2024 jókst losun GHL vegna innanlandsflugs starfsfólks EFLU um 48% á hvert stöðugildi og var um 0,10 tonn CO_2-ígilda/stöðugildi. Losun GHL vegna flugs erlendis jókst um 87% og var um 0,16 tonn CO_2-ígilda/stöðugildi, í samanburði við 0,10 tonn CO_2-ígilda/ stöðugildi árið 2023. Þessi aukning tengist helst fjölgun ferða starfsfólks á milli starfsstöðva EFLU erlendis. Þrátt fyrir þessa hækkun er þessi losun lægri en hún var fyrir heimsfaraldurinn. EFLA mun halda áfram að fylgjast náið með þróuninni og leita leiða til að draga úr áhrifum sínum á umhverfið. EFLA leggur áherslu á að skapa starfsfólki góða aðstöðu til samskipta í gegnum veraldarvefinn með því að hafa til staðar góðan fjarfundabúnað.

Hlutfallsleg losun CO_2 m.v. ferðamáta árið 2024



Aðrir þættir í starfsemi EFLU sem valda óbeinni losun

Í þessari skýrslu eru birtar upplýsingar um fleiri losunarþætti sem eiga við um óbeina losun GHL vegna starfsemi EFLU og tengjast umfangi 3. Hér er um að ræða losun vegna kaupa á nýjum raftækjum, losun vegna innkaupa á matvöru í mötuneyti í höfuðstöðvum EFLU og aksturs starfsfólks til og frá vinnu.


Óbein losun – raftæki


Við val á raftækjum tekur EFLA tillit til kolefnisspors viðkomandi tækis. Mat var lagt á kolefnisspor þeirra raftækja sem keypt voru ný á árinu 2024, þ.e. farsímar, fartölvur, borðtölvur og tölvuskjáir. Upplýsingar um kolefnisspor þessara tækja (framleiðsla, dreifing, notkun og förgun) voru fengnar úr vottuðum umhverfisyfirlýsingum frá framleiðendum sambærilegra raftækja. Samanlagt kolefnisspor þeirra tækja sem keypt voru inn er um 123 tonn CO_2-ígilda eða um 0,3 tonn CO_2-ígilda/stöðugildi, sem er um 34% lægra en fyrir árið 2023. Skýringin á þessu er sú að töluverður munur er á kolefnisspori mismunandi gerða raftækja. Á liðnu ári voru keyptir 22% fleiri skjáir en 42% færri fartölvur í samanburði við árið á undan.

Óbein losun – matarinnkaup mötuneytis

EFLA rekur stórt mötneyti og afgreiðir tæplega 40 þúsund máltíðir yfir árið fyrir starfsmenn fyrirtækja sem staðsett eru á Lynghálsi 4. EFLA leggur mikla áherslu á að kaupa íslenskt hráefni eins og kostur er til matargerðar og nýta allt hráefni. Helstu vöruflokkar hráefna sem notaðir eru í mötuneyti EFLU eru kjöt, fiskur, grænmeti og ávextir. Haldið er utan um kolefnisspor þessara matvæla með því að nota hugbúnaðinn Matarspor sem EFLA hefur hannað til að meta kolefnisspor máltíða. Kolefnisspor matvælanna sem starfsmenn EFLU neyttu í mötuneyti EFLU árið 2024 var um 147 tonn CO_2-ígilda, eða um 3,8 kg CO_2-ígilda/máltíð. Til samanburðar eru hér upplýsingar um kolefnisspor dæmigerða máltíða.

Máltíð	Kg CO_2-ígildi/máltíð
Lax í mangó chutney	0,90
Smjörsteiktur þorskur	0,56
Stökkt nautakjöt í mildri chilisósu	8,13
Ofnbakað lambakjöt með bernaise	5,02
Marry me kjúklingur	0,76
Hnetusteik með linsum	0,62





Myndin sýnir skilgreiningu á beinum og óbeinum áhrifum byggt á Greenhouse Gas Protocol kafli 3

Kolefnisspor EFLU

Við útreikninga á kolefnisspori fyrirtækisins notar EFLA aðferðafræði Greenhouse Gas Protocol. Kolefnisspor fyrirtækis tengist bæði beinni losun GHL, sem fyrirtækið hefur stjórn á, og óbeinni losun GHL frá starfseminni. Hjá EFLU tengist bein losun GHL notkun bifreiða í rekstri EFLU. Óbein losun EFLU samkvæmt Greenhouse Gas Protocol er af völdum notkunar rafmagns og losunar vegna aksturs starfsfólks á eigin bílum og bílaleigubílum á vegum EFLU. Einnig veldur losun vegna flugs starfsfólks óbeinni losun GHL, sem og meðhöndlun úrgangs. Þetta eru þeir þættir sem tekið var tillit til þegar loftslagsmarkmið fyrirtækisins voru sett miðað við árið 2015. EFLA upplýsir um fleiri þætti sem stuðla að óbeinni losun GHL í starfseminni í umfangi 3, svo sem akstur starfsfólks til og frá vinnu, matarinnkaup og innkaup á raftækjum, sjá hér fyrir aftan.

Við útreikninga á losun GHL notar EFLA losunarstuðla sem Umhverfisstofnun gefur út reglulega, þegar það á við. Einnig notar EFLA hugbúnaðarlausnirnar Matarsporið og Klappir ásamt umhverfisupplýsingum viðkomandi raftækja (e. EPD Environmental Product Declaration), þar sem þær liggja fyrir, sem og aðrar reiknivélar eins og við á, svo sem fyrir flug.

Losun gróðurhúsalofttegunda á hvert stöðugildi var 0,57 tonn CO_2-ígilda árið 2024 og var um 60% lægri en árið 2015 (1,43 tonn CO_2-ígilda/stöðugildi). Loftslagsmarkmið EFLU fyrir árið 2024 var að halda kolefnisspori á stöðugildi undir 0,96 tonnum CO_2-ígilda. Hins vegar er kolefnisspor ársins á hvert stöðugildi 2024 22% hærra en það var árið 2023 (0,47 tonn CO_2-ígilda/stöðugildi), sem tengist aðallega meiri losun vegna flugs innanlands og erlendis á milli ára og akstri starfsfólks á vegum vinnunnar. EFLA er í stöðugum vexti bæði innanlands sem og erlendis, sem hefur í för með sér aukin samskipti og umsvif á milli landa.

Árið 2024 stuðlaði EFLA að kolefnisbindingu á sem samsvarar 211 tonnum CO_2-ígilda í samstarfi við Kolvið, sem býður upp á vottaðar kolefniseiningar í skógrækt.

EFLA leggur áherslu á að auka upplýsingagjöf varðandi umfang 3 í starfsemi sinni. Þetta eru þættir sem fyrirtækið hefur hefur óbein áhrif á og voru ekki taldir fram í umfangi 3, þegar markmið voru sett miðað við árið 2015. Hér er um að ræða losun vegna kaupa á nýjum raftækjum (tölvur, skjáir og símar), losun vegna innkaupa á matvöru í mötuneyti í höfuðstöðvum EFLU og aksturs starfsfólks til og frá vinnu. Losun tengd þessum þáttum var um 394 tonn, eða um 1,1 tonn CO_2-ígilda /stöðugildi, sem er lækkun um 18% á milli ára miðað við 1,3 tonn CO_2-ígilda /stöðugildi árið 2023.

Þegar tekið er tillit til aukins umfangs í óbeinni losun EFLU er heildarlosun GHL á hvert stöðugildi um 1,7 tonn CO_2-ígilda, eða samtals um 634 tonn CO_2-ígildi sem er 8% lækkunum frá árinu á undan, sem var 1,8 tonn CO_2-ígilda/stöðugildi.

Losun frá þáttum sem taldir voru fram við markmiðasetningu árið 2015

Áhrif	Losun gróðurhúsalofttegunda (GHL)	Umfang	2015*	2022	2023	2024
BEIN	Akstur bifreiða í rekstri EFLU	1	73	37	36	38
ÓBEIN	Raforka (með upprunaábyrgð)	2	6,8	5,3	6,0	6,3
ÓBEIN	Varmaorka	2	4,2	12	12	12
ÓBEIN	Akstur bílaleigubíla	3	13	4,3	6,3	4,6
ÓBEIN	Akstur starfsm. á eigin vegum	3	63	36	39	46
ÓBEIN	Flug innanlands	3	101	35	26	38
ÓBEIN	Flug erlendis	3	101	44	32	60
ÓBEIN	Urðun og brennsla úrg. og lífrænn úrgangur	3	5,0	4,5***	6,5***	5,7
	Samtals losun GHL, kolefnisspor án bindingar		367	179	163	211
	Samtals losun GHL/stöðugildi		1,43	0,56	0,47	0,57
	Kolefnisbinding		0	168	164	211
	Kolefnisspor að teknu t.t. bindingar		367	0	0	0

Losun frá viðbótarþáttum sem áður voru ekki taldir fram í umfangi 3

ÓBEIN	Akstur starfsmanna til og frá vinnu	3		102	126	123
ÓBEIN	Árshátíðarferð	3		627		
ÓBEIN	Skrifstofutæki	3		47	186	123
ÓBEIN	Matarinnkaup	3		106	142	148
	Samtals losun GHL v/ aukins umfangs 3			882	455	394
	Kolefnisbinding			627	12**	0
	Kolefnisspor að teknu tilliti til bindingar			255	443	394
	Fjöldi stöðugilda EFLU á Íslandi		**257**	322	345	367


* **Árið 2015 er viðmiðunarár**

* **Losun raforku felur í sér losun vegna framleiðslu bæði á rafmagni og heitu vatni**


** **Framleiðendur raftækja kolefnisjafna hluta framleiðslunnar**

*** **Leiðréttingar hafa verið gerðar og gögn hafa verið uppfærð afturvirkt fyrir fyrri ár í ljósi nýrra upplýsinga.**

Losun GHL í rekstri EFLU, umfang 1,2 og aukið umfang



Hlutfallsleg losun GHL, umfang 1,2 og 3 eins og það var sett fram grunnárið 2015



Losun gróðurhúsalofttegunda

	Eining	2022	2023	2024	Eining	2023	2024	Breyting
Raforka								
Rafotkunotkun	kWst	649.235	732.727	750.853	kWst/m^3	75	76	1%
Eldneyti								
Bensín og dísel	lítrar	14.046	13.635	14.869	l/st.gildi	39	41	3%
Vatnsorka								
Heitt vatn	m^3	28.155	27.055	27.508	m^3/m^2	0,89	0,93	4%
Úrgangur*								
Efni til endurvinnslu/endurnýtingar								
Endurvinnanlegur úrgangur	tonn	9,2	4,9	4,5	kg/st.gildi	17	20	11%
Lífrænn úrgangur	tonn	8,6	10	117,8	kg/st.gildi	40,5	39,5	-2%
Steinefni	tonn	7,5	9,6	11,0				
Raftæki	tonn	0,22	0,17	0,16				
Efni til orkunýtingar	tonn		7,8	7	kg/st.gildi	28	25	-10%
Efni til förgunar								
Urðun	tonn	4,0	1,1	0,5	kg/st.gildi	5	2	-51%
Spilliefni	tonn	0,1	0	0	kg/st.gildi	0	0	
Endurvinnsluhlutfall	%				%	96	99	3%
Losun GHL								
Kolefnisspor losunarþátta miðað við loftslagsmarkmið s. 2015	tonn CO_{2-}ígilda	180	164	211	tonn CO_2 Ígildi/st.gildi	0,47	0,57	22%
Kolefnisspor annarra þátta sem starfsemin hefur óbein áhrif á		882	455	394	tonn CO_2 Ígildi/st.gildi	1,3	1,1	-18%
Kolefnisbinding	tonn CO_{2-}ígilda	807	164	211				
Heildarfjöldi stöðugilda		322	346	367				
Stöðugildi höfuðstöðva		243	257	279				

Framlag í þágu Heimsmarkmiða



- Styrkir úr samfélagssjóði



- Styrkir úr samfélagssjóði
- Matargjafir



- Heilsueflandi vinnustaður
- Vinnuvernd
- Vottað stjórnkerfi um heilbrigði og öryggi á vinnustað, ISO 45001
- Hollur matur í mötuneyti
- Samgöngusamningar
- Íþrótta- og hreyfistyrkir
- Aðstaða til íþróttaiðkunar
- Sturtuaðstaða og inni og úti geymsluaðstaða fyrir hjól
- Heilsueflingarvika
- Lífshlaupið
- Hjólað í vinnuna
- Ráðgjöf í fagteymum um innivist og heilsu



- Markviss starfsþróun
- Starfsþróunarsamtöl
- Hæft og áhugasamt starfsfólk
- Framlag til háskóla-menntunar



- Jafnlaunavottun ÍST 85:2012
- Jafnréttisstefna



- Ráðgjöf fagteyma EFLU
- Fylgst er með vatnsnotkun á starfsstöðvum



- Ráðgjöf í fagteymum
- Notkun 100% endurnýjan-legrar orku til húshitunar og raforku
- Fylgst er með orkunotkun



- Áhersla á sterkan rekstur
- Fyrirmyndarfyrirtæki hjá Creditinfo
- Starfsánægja er mæld reglulega
- Arður útgreiddur til hluthafa
- Styrkir úr samfélagssjóði



- Nýsköpun innan allra fagteyma
- Samstarf við háskóla
- Fjölmörg nýsköpunar- og þróunarverkefni
- Virk sókn í innlenda og erlenda rannsóknarsjóði



- Jafnréttisstefna
- Jafnlaunavottun ÍST 85:2012



- Ráðgjöf í fagteymum
- Unnið að BREEAM in USE vottun höfuðstöðva
- Samgöngusamningar við starfsmenn
- Starfsmönnum boðið að nota hopphjól og rafhjól til og frá vinnu og í vinnutengdum erindum



- Ráðgjöf í fagteymum EFLU þ.m.t. til að minnka notkun efnis og orku
- Áhersla á vistvæna hönnun, þ.m.t. til að minnka notkun efnis og orku
- Ábyrg innkaup
- Fylgst er með rafmagns- og vatnsnotkun
- Loftslagsmarkmið
- Vottuð umhverfisstjórnun skv. ISO 14001



- Ráðgjöf í fagteymum EFLU; Afgerandi forysta í lausnum sem hafa jákvæð umhverfisáhrif
- Loftslagsmarkmið
- Samstarf við utanaðkomandi aðila vegna kolefnisjöfnunar
- Vottuð umhverfisstjórnun skv. ISO 14001



- Ráðgjöf í fagteymum EFLU



- Ráðgjöf í fagteymum EFLU



- Mannauðsstefna
- Jafnréttisstefna
- Stefna um spillingu og mútur
- Stefna um sanngjarna samkeppni
- Stefna gegn einelti og áreitni
- Innleiðing ISO 27001 um upplýsingaöryggi
- Reglur um vernd persónuupplýsinga



- Aðili að Global Compact sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagslega ábyrgð

UFS Samfélags-uppgjör

Umhverfi (E)

Breytur	Eining	2024
E1 – Losun gróðurhúsalofttegunda		
Umfang 1	tCO_2	38
Umfang 2	tCO_2	18
Umfang 3	tCO_2	548
E2 – Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda		
Losun gróðurhúsalofttegunda á hvern starfsmann	tCO_2/starfsmann	1,65
Heildarlosun lofttegunda annarra en gróðurhúsalofttegunda	Á ekki við.	
E3 – Orkunotkun		
Bein orkunotkun	MWst	156
Óbein orkunotkun	MWst	2388
E4 – Orkukræfni		
Bein heildarorkunotkun á fermetra	kWst/m^2	424
E5 – Samsetning orku		
Endurnýjanleg orka	%	94
Önnur orka	%	6
E6 – Vatnsnotkun		
Heildar vatnsnotkun	m^3	49.589
Heildarmagn af vatni sem er endurheimt	%	0
E7 – Umhverfisstarfsemi		
Fylgir fyrirtækið þitt formlegri umhverfisstefnu?	Já/Nei	Já
Fylgir fyrirtækið þitt tilteknum stefnum fyrir úrgang, vatn, orku, og/eða endurvinnslu?	Já/Nei	Já
Notast fyrirtækið þitt við viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	Já/Nei	Já
E8 – Loftslagseftirlit / stjórn		
Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	Já/Nei	Nei
E9 – Loftslagseftirlit / stjórnendur		
Hefur æðsta stjórnunarteymi þitt eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	Já/Nei	Já
E10 – Mildun loftslagsáhættu		
Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	ISK	0

Félagslegir þættir (S)

Breytur	Eining	2024
S1 – Launahlutfall forstjóra		
Laun framkvæmdastjóra í hlutfalli við miðgildi launa	%	3,38[1]
Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda?		Nei
S2 – Launamunur kynja		
Miðgildi launagreiðslna karla í hlutfalli við miðgildi launagreiðslna kvenna	%	13,5*
S3 - Starfsmannavelta		
Árleg breyting starfsfólks í fullu starfi	%	7,87
Árleg breyting starfsfólks í hluta starfi	%	
Árleg breyting verktaka og ráðgjafa	%	
S4 - Kynjafjölbreytni		
Kynjahlutfall innan fyrirtækisins, í prósentum		
Karlar	%	61%
Konur	%	39%
Kynjahlutfall í byrjunarstörfum og næsta starfsmannalagi fyrir ofan, í prósentum		
Karlar	%	51%
Konur	%	49%
Kynjahlutfall í störfum í efsta starfsmannalagi og sem framkvæmdastjórar, í prósentum		
Karlar	%	50%
Konur	%	50%
S5 - Hlutfall tímabundinna starfskrafta		
Prósenta starfsfólks í hlutastarfi	%	13,22
Prósenta þeirra sem eru í verktöku og/eða ráðgjöf		0,73
S6 - Aðgerðir gegn mismunun		
Fylgir félagið stefnu gegn kynferðislegri áreitni og/eða mismunun?	Já/Nei	Já
S7 - Vinnuslysatíðni		
Tíðni öryggistengdra atvika	Fjöldi/1 milljón vinnustundir	0
S8 - Hnattræn heilsa og öryggi		
Fylgir fyrirtækið þitt starfstengdri heilsustefnu og/eða hnattrænni stefnu um heilsu og öryggi?	Já/Nei	Já
S9 - Barna- og nauðungarvinna		
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu gegn barna- og/eða nauðungarvinnu?	Já/Nei	Já
Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?	Já/Nei	Nei
S10 - Mannréttindi		
Fylgir fyrirtækið þitt mannréttindastefnu?	Já/Nei	Já
Ef já, nær mannréttindastefnan einnig til birgja og seljenda?	Já/Nei	Nei

Stjórnarhættir (G)

Breytur	Eining	2024
G1 - Kynjahlutfall í stjórn		
Hlutfall kvenna í stjórn	%	40
Hlutfall kvenna í formennsku nefnda	%	Á ekki við
G2 - Óhæði stjórnar		
Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku?	Já/Nei	Já
Hlutfall óháðra stjórnarmanna	%	0
G3 - Kaupaukar		
Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni?	Já/Nei	Nei
G4 - Kjarasamningar		
Hlutfall starfsfólks fyrirtækisins í prósentum sem fellur undir almenna kjarasamninga	%	100
G5 – Siðareglur birgja		
Ber seljendum þínum eða birgjum að fylgja siðareglum?	Já/Nei	Nei
Ef já, hve hátt hlutfall þinna birgja hafa formlega vottað að þeir fylgi siðareglunum, í prósentum?		
G6 - Siðferði og aðgerðir gegn spillingu		
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um siðferði og/eða aðgerðum gegn spillingu?	Já/Nei	Já
Ef já, hve hátt hlutfall vinnuafls þíns hefur formlega vottað að það fylgi stefnunni, í prósentum?	%	0%
G7 - Persónuvernd		
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um persónuvernd?	Já/Nei	Já
Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum?	Já/Nei	Já
G8 - Sjálfbærniskýrsla		
Gefur fyrirtækið þitt út sjálfbærniskýrslu?	Já/Nei	Já
Eru gögn um sjálfbærni að finna í skýrslugjöf til yfirvalda?	Já/Nei	Já
G9 - Starfsvenjur við upplýsingagjöf		
Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?	Já/Nei	Já
Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)?	Já/Nei	Já
Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða?	Já/Nei	Já
G10 - Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila		
Er upplýsingagjöf þín um sjálfbærni tekin út eða sannreynd af þriðja aðila?	Já/Nei	Nei

Lokaorð



Í þessari ársskýrslur koma fram helstu áherslur fyrirtækisins varðandi samfélagslega ábyrgð og sýna fram á hvernig þessi ábyrgð endurspeglast í verkum, stefnu og framtíðarsýn EFLU. Samfélagsleg ábyrgð og sjálfbærni geta aldrei verið sjálfstæðir eða óháðir hlutar í starfsemi fyrirtækis heldur eru þeir samofnir eðlilegum og heilbrigðum rekstri. Eins eru heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna tengd inn í rekstur og verkefni fyrirtækisins og eru m.a. höfð að leiðarljósi við stefnumörkun EFLU.

www.efla.is

